FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
305. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FÖSTUDAGUR 29. DESEMBER 2017

Enn lengist bið eftir afplánun

570 manns bíða afplánunar óskilorðsbundinna dóma, þrátt fyrir að nýtt fangelsi hafi verið tekið í notkun og úrræði utan fangelsa hafi verið rýmkuð.

FANGELSISMÁL Þrátt fyrir að nýtt fangelsi hafi verið tekið í notkun í lok síðasta árs og að skilyrði til afplánunar utan fangelsa hafi verið rýmkuð umtalsvert í nýjum lögum um fullnustu refsinga, hefur þeim sem bíða eftir að hefja afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar fjölgað um tæplega fimmtíu milli ára. 570 manns bíða nú eftir að hefja afplánun en 525 voru á boðunarlistanum á sama tíma í fyrra.

Með lagabreytingum síðla árs 2015 var bæði mælt fyrir um aukna notkun rafræns eftirlits og rýmkuð skilyrði reynslulausnar og til afplánunar með samfélagsþjónustu. Með þessum breytingum og byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði stóðu vonir til þess að bið eftir afplánun styttist. Enda getur löng bið eftir afplánun haft í för með sér að refsingar fyrnist.

„Við þurftum að loka fangelsinu í Kópavogi ári fyrr en áætlað var og við lokuðum svo Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg um mitt ár 2016 en nýja fangelsið var ekki tilbúið til notkunar fyrr en í árslok 2016. Þannig að tímabundið vorum við með allt of fá pláss," segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Hann bendir einnig á að um 30 fangar séu vistaðir á Hólmsheiði að meðaltali þrátt fyrir að fangelsið geti tekið allt að 56 fanga. Starfsmannafjöldinn í fangelsinu ræður ekki við fleiri fanga og segir Páll að fjölga þurfi um fjögur stöðugildi að lágmarki til að taka megi fangelsið í fulla nýtingu.

„Miðað við þróun refsinga myndum við ná að halda í horfinu ef nýtingin á Hólmsheiði væri eins og best verður á kosið," segir Páll. Hann segir það geta tekið áratug að áhrif lagabreytinganna komi að fullu fram. „En við finnum líka að það er harðari kjarni sem þarf að afplána í fangelsunum sjálfum og það kallar á auknar öryggisráðstafanir," segir Páll. Hann segir forgangsröðunina inn í fangelsin valda því að í fangelsunum eru nánast eingöngu síbrotamenn og fangar sem afplána fyrir alvarlegustu brotin.

Eins og Fréttablaðið greindi frá skömmu fyrir jól er ekki gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til fangelsismála í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Þrátt fyrir það leggur dómsmálaráðherra áherslu á að Hólmsheiðinni verði komið í fulla nýtingu sem fyrst. „Það þarf bara að hagræða í rekstri fangelsanna og það er fangelsismálayfirvalda að ákveða hvernig peningunum er best fyrir komið í samráði við mig," segir ráðherra. **– aá**

Fjöldi á boðunarlista



> **Það þarf bara að hagræða í rekstrinum og það er fangelsismálayfirvalda að ákveða hvernig peningunum er best fyrir komið í samráði við mig.**

Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra

Kylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð í gær hlutskörpust í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna um nafnbótina íþróttamaður ársins. Ólafía varð þar með fyrst kylfinga og sjötta konan til að hljóta titilinn. Á árinu vann Ólafía sér þátttökurétt á LPGA-mótaröðinni fyrst íslenskra kylfinga. Knattspyrnumennirnir Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson urðu næstir á eftir Ólafíu í kjörinu. Sjá síðu 18 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óvissa meðal starfsfólks Actavis

VIÐSKIPTI Mikil óánægja er meðal starfsmanna lyfjafyrirtækjanna Actavis og Medis hér á landi sem hefur leitt til þess að margir hafa sagt eða íhuga að segja starfi sínu lausu. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við segja óvissu um framtíð lyfjafyrirtækjanna hér á landi, aukið vinnuálag og ákvörðun stjórnenda móðurfélagsins um að hætta við gjafir og jólahlaðborð, hafa komið niður á starfsanda.

Alls starfa rúmlega 300 manns hjá Actavis og Medis hér á landi. Starfsmönnum Actavis var greint frá nýlegum hagræðingaraðgerðum ísraelska móðurfyrirtækisins Teva í tölvupósti. Kvarta þeir undan upplýsingagjöf stjórnenda og auknu vinnuálagi. Talsmaður Actavis og Medis segir í skriflegu svari til blaðsins að almenn starfsmannavelta hafi verið innan hefðbundinna marka síðastliðna mánuði. Ekki hafi verið ráðist í neinar uppsagnir starfsfólks. **– hg / sjá síðu 6**

Dýrin gleðja á Kirkjuhvoli

LÍFIÐ Kærleiksríkar kisur, krúttlegir hvolpar og gaggandi hænur eru hluti af starfsliði dvalarheimilisins Kirkjuhvols á Hvolsvelli. Sólveig Unnur Eysteinsdóttir, starfandi forstöðumaður heimilisins, segir markmiðið vera að skapa heimilislegt og hlýlegt samfélag og þar leika dýrin stórt hlutverk.

Þar á meðal er kisan Njála sem lífgar upp á tilveruna á Kirkjuhvoli og er heimilismönnum til yndis og ánægju. „Fjölmargir heimilismanna okkar eru með heilabilun og ná vel að tengjast kisu sem nýtur athyglinnar líkt og katta er siður," segir Sólveig. **– áhg / sjá síðu 38**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Gunnlaugur Stefánsson fjallar um hræsni og laun. 10

SPORT Íþróttaannáll ársins. 20, 22

MENNING Leikhúsrýni um Hafið í Þjóðleikhúsinu. 36

LÍFIÐ Glamour gerir upp götutískuna á árinu. 36

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Veður



Tiltölulega róleg austlæg átt. Víða bjart veður, en eitthvað snjóar norðaustan- og austanlands. Það er kalt hjá okkur um þessar mundir.

SJÁ SÍÐU 26

Landsréttur tekur til starfa strax eftir áramót



Unnið er að því að gera nýjan dómsal Landsréttar tilbúinn áður en hinn nýi dómstóll tekur til starfa 2. janúar næstkomandi við Vesturvör í Kópavogi. Ekki liggur enn fyrir hvert verður fyrsta mál á dagskrá réttarins en Landsréttur fær mál úthlutuð frá Hæstarétti um leið og dómstóllinn tekur til starfa eftir áramót. Áætlað er að fyrsta dómþing verði sett í Landsrétti upp úr miðjum janúarmánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

RÚV braut gegn verðandi móður

PERSÓNUVERND Ríkisútvarpið braut gegn lögum um persónuvernd þegar fullt nafn barnshafandi konu birtist í sjónvarpsfrétt sem fjallaði um verðandi mæður í neyslu.

Konan kvartaði til Persónuverndar í janúar síðastliðnum en hún hafði verið á kvennadeild í ómskoðun þegar ljósmóðir spurði hvort hún væri samþykk því að RÚV tæki myndskeið af skoðuninni. Konan var fullvissuð um að hún myndi ekki þekkjast. Í vefútgáfu fréttarinnar fylgdi myndskeið þar sem fullt nafn konunnar sást.

RÚV viðurkenndi í svari við erindi Persónuverndar að mistök hefðu orðið við vinnslu fréttarinnar og að konan hefði verið beðin afsökunar. Í því fælist að RÚV liti svo á að vinnslan hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum, líkt og Persónuvernd síðan úrskurðaði. **– smj**

Deilt um þorsk og kolmunna

UTANRÍKISMÁL Samningaviðræður Íslands og Færeyja um gagnkvæmar fiskveiðar innan efnahagslögsögu landanna hafa siglt í strand að hluta. Atvinnuveganefnd þingsins fundar í dag vegna þessa. Utanríkisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu sem heimilar ríkisstjórninni að staðfesta samninga um veiðarnar fyrir Íslands hönd. Heimildin er bundin fyrirvara um að íslenskum skipum verði heimilt að veiða kolmunna og norsk-íslenska síld í lögsögu Færeyja.

Deilan snýst meðal annars um að Færeyingar vilja fá auknar veiðiheimildir í botnfiski í lögsögu Íslands. Náist samkomulag ekki munu íslensk skip ekki veiða kolmunna Færeyjamegin.

„Við fáum kynningu frá trúnaðarfulltrúum utanríkis- og sjávarútvegsráðuneytisins. Það er vonandi að þetta leysist," segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar. **– jóe**

Börkur kominn aftur á Hraunið

FANGELSISMÁL Börkur Birgisson og Stefán Blackburn sem farið hafa frjálsir ferða sinna með ökklaband eru komnir á Litla-Hraun í afplánun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þeir félagarnir fluttir í fangelsið tveimur dögum fyrir jól en ákvörðun Fangelsismálastofnunar er sögð byggja á upplýsingum frá lögreglu um meinta líkamsárás sem náðist á eftirlitsmyndavél. Atvikið hefur ekki verið kært til lögreglu en meðal skilyrða þess að fá að afplána í rafrænu eftirliti er að ekki falli grunur um refsivert athæfi á fanga.

Börkur og Stefán eru báðir að ljúka afplánun sex ára fangelsisdóma. Börkur fyrir alvarlegar líkamsárásir en Stefán var dæmdur fyrir mannrán og alvarlega líkamsárás ásamt nafna sínum Sívarssyni í Stokkseyrarmálinu svokallaða sem dæmt var í árið 2014. **– aá, þþ**

Íslensku pari hótað handtöku á flugvelli

Lögreglumenn ráku Hafstein Regínuson og James McDaniel frá borði flugvélar í Baltimore í Bandaríkjunum skömmu fyrir jól. Þeir telja fordóma gegn samkynhneigðum einu mögulegu ástæðuna fyrir aðgerðum lögreglunnar.

SAMFÉLAG „Þegar við vorum búnir að koma okkur fyrir í vélinni komu skyndilega þrjár löggur og sögðu að ég yrði að yfirgefa vélina," segir Hafsteinn Regínuson barþjónn, sem einnig er þekktur sem dragdrottningin Ragnarök.

„Við fórum ekki alveg þegjandi og hljóðalaust en hlýddum enda var ég skíthræddur. Ég ætlaði ekki að fara að láta handtaka mig í þessu landi." Þegar úr vélinni var komið brast Hafsteinn í grát. „Þá æptu þeir á mig að ég yrði að róa mig, annars yrði ég fjarlægður í handjárnum."

Þegar þeir fóru fram á skýringar var þeim sagt að Hafsteinn hefði verið að kasta hlutum í flugfreyju. „Sem er hrein og klár lygi. James var síðan boðið að fara aftur um borð, sem hann þáði auðvitað ekki."

„Ég mun aldrei gleyma óttanum, niðurlægingunni og sorginni í rödd Haffa þar sem hann grét í örmum mínum fyrir utan flugstöðina þar sem hann grátbað mig um að koma okkur aftur til Íslands, að koma okkur heim," segir James.

Það sem átti að vera um þriggja klukkustunda flug frá Baltimore til Alabama varð að fjögurra daga erfiðu ferðalagi. „Við vorum þá búnir að missa af kvöldverðarboði stórfjölskyldunnar, sem var hjá ömmu hans á Þorláksmessu, og James búinn að tapa fjórum dögum með fjölskyldu sinni sem hann hafði ekki séð í tvö ár."

Hafsteinn og James hafa í framhaldinu komist að raun um að óeðlilega mikið sé um tilfelli hjá flugfélaginu Southwest Airlines og á þessum tiltekna flugvelli þar sem fólki er vísað frá borði á einkennilegum forsendum.

James öðlaðist ríkisborgararétt hérna nýlega og eftir hremmingar hans og Hafsteins í Bandaríkjunum er ljóst að Ísland er landið þeirra.

> **Ég mun aldrei gleyma óttanum, niðurlægingunni og sorginni í rödd Haffa þar sem hann grét í örmum mínum fyrir utan flugstöðina.**
>
> James McDaniel

Þar sem lögreglu og flugfélaginu ber ekki saman um ástæðu brottvísunar Hafsteins telja þeir víst að fordómar séu ástæðan. „Við skárum okkur kannski úr í farþegahópnum. Við gerðum samt ekkert annað en að leiðast, kyssast og Haffi hallaði sér að mér þegar við vorum sestir. Allt eitthvað sem er algengt og sjálfsagt að pör, gagn- eða samkynhneigð, geri á Íslandi," segir James.

„Það er fiskilykt af þessu öllu saman," segir Hafsteinn og bætir við að hann sé enn með kvíðahnút í maganum og óttist heimferðina. „Þetta er nett kúltúrsjokk fyrir frjálslegan Íslending eins og mig."

James segist vera að átta sig á hversu alvarlegar fréttir frá Bandaríkjunum, af uppgangi fasískra og rasískra viðhorfa með tilheyrandi fordómum í garð kvenna, samkynhneigðra og trans fólks, eru í raun og veru. Hann hafi ef til vill verið orðinn svo vanur þessum sjálfsögðu mannréttindum á Íslandi og því orðinn dofinn fyrir því hversu breytingarnar í heimlandinu eru í raun alvarlegar.

thorarinn@frettabladid.is

Nú treystum við á þig!

Því þú getur alltaf treyst á okkur.

Á hverju ári sinnum við þúsundum hjálparbeiðna frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum enda spila björgunarsveitirnar mikilvægt hlutverk í almannavarnakerfi landsins. Þrátt fyrir að allur okkar mannskapur gefi sína vinnu þá er rekstur tækja og búnaðar mjög kostnaðarsamur.

Björgunarsveitir okkar fjármagna starfið með margvíslegum hætti en flugeldasalan er langmikilvægust og skiptir sköpum til að viðhalda þessu öfluga öryggiskerfi okkar Íslendinga.

Við hvetjum fólk til þess að hugsa um eigið öryggi og kaupa flugeldana hjá okkur. Við treystum á það!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Þriðja banaslysið á sex árum í Eldhrauni

Slysið í fyrradag var þriðja banaslysið á örfáum árum í Eldhrauni. Álag á vegakerfið hefur stóraukist. Sérfræðingur í forvörnum segir mikilvægt að bæta veginn þar. Einnig þurfi að skýra betur reglur um bílbeltanotkun.

Rútan ók út af og valt eftir að hafa lent á fólksbíl. Þrír þeirra sem fluttir voru á Landspítalann eru enn á gjörgæsludeild, minnst einn þeirra í lífshættu. Sjö eru á bráðalegudeild og tveir hafa verið útskrifaðir af spítalanum. Lögð er áhersla á að reglur um notkun bílbelta verði gerðar skýrari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SLYS Að minnsta kosti tvö banaslys hafa orðið síðustu fimm árin í Eldhrauni, nærri Kirkjubæjarklaustri, þar sem rútuslysið varð í fyrradag. Í báðum tilfellum létust ferðamenn.

Hinn 23. apríl 2012 missti ökumaður bílaleigubíls bifreiðina út á vegöxlina þegar hann teygði sig eftir snakki frá farþega í framsæti. Við það missti hann stjórn á bifreiðinni sem fór út af veginum og valt. Farþegi í aftursæti bifreiðarinnar, 25 ára gamall karlmaður, var ekki spenntur í öryggisbelti. Hann kastaðist út úr bílnum og lést.

Að morgni 27. mars 2015 missti ökumaður stjórn á bílaleigubíl í krapa skammt vestan við Kirkjubæjarklaustur og fór út af vinstra megin. Í slysinu lést tvítug kona, sem var farþegi í framsæti. Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa vegna slyssins kemur fram að vegna aukins fjölda ferðamanna megi vegakerfið þola aukið álag allt árið um kring. Fjárveitingar til vegagerðar, vetrarþjónustu og viðhalds vegakerfisins almennt hafi ekki aukist samhliða fjölgun ferðamanna. Stjórnvöld þurfi að bæta úr í þessum efnum og veita meira fé til viðhalds vegakerfisins, bættra merkinga og nýframkvæmda.

Það er kannski til marks um aukið álag á vegakerfið að útgáfa hópferðaleyfa hefur næstum tvöfaldast frá árinu 2013. Það ár voru 348 leyfi gefin út, en í ár eru þau orðin 634. Nýskráningum hópbíla hefur líka fjölgað.

Ágúst Mogensen, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS og fyrrverandi rannsóknarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa, segir að það verði að bæta veginn um Eldhraun og auka þjónustu. Þá verði líka að skýra betur reglur um bílbeltanotkun í hópbifreiðum og strætisvögnum.

„Við erum ekki að sjá neitt nýtt þarna. Það hafa því miður orðið mörg slys þar sem sömu þættir eru líklegast að koma fyrir og í þessu slysi," segir Ágúst. Það sé krafa fólks að reglur um bílbeltanotkun verði skýrari. „Við fáum mörg símtöl um þetta frá foreldrum," segir Ágúst, sem tekur þó fram að hann byggi þessar fullyrðingar á upplýsingum úr fjölmiðlum, en sé ekki að orsakagreina umrætt slys.

Viðbragðsaðilar sem komu á vettvang rútuslyssins í fyrradag hafa sagt að það hefði breytt miklu ef allir farþegar hefðu notað bílbelti.

Í núgildandi reglugerð um öryggis- og verndarbúnað í ökutækjum er undanþáguákvæði þar sem segir að ekki sé skylt að nota öryggisbelti í strætó. Í drögum að breytingum á reglugerðinni, sem enn hafa ekki verið samþykkt, er hnykkt á því að akstur í dreifbýli, þar sem margir kílómetrar eru á milli stoppistöðva og hámarkshraði sá hæsti sem leyfður er á Íslandi, geti ekki fallið undir undanþáguákvæði reglugerðarinnar. **jonhakon@frettabladid.is**

Vinnan gekk samkvæmt björtustu vonum

Auðbjörg B. Bjarnadóttir, hjúkrunarstjóri hjá Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri.

„Þetta var auðvitað kaótískt til að byrja með eins og eðlilegt er. En stjórnin gekk vel og ég myndi segja að vinnan á vettvangi hafi gengið samkvæmt björtustu vonum eftir að viðbragðsaðilar voru komnir," segir Auðbjörg B. Bjarnadóttir, hjúkrunarstjóri hjá Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri. Hún var fyrst á vettvang slyssins eftir að kallað var á aðstoð.

Auðbjörg segir að fyrsta verkefni hennar hafi verið að draga upp mynd af vettvangi og bráðaflokka hina slösuðu til að tryggja að allar bjargir væru til staðar sem fyrst. Þegar búið var að bráðaflokka var sent allsherjarútkall.

„Fæst orð hafa nú minnsta ábyrgð," segir Auðbjörg spurð um það hvernig við séum búin undir slys af þessu tagi. „En ég held að alls staðar á litlum stöðum á landinu sé viðbragð takmarkað. Þó að við hefðum verið einn eða tveir til viðbótar þá er svona slys af þessari stærðargráðu alltaf katastrófa."

Við svona slys séu allar bjargir komnar að þolmörkum og ekkert annað hefði mátt út af bera á Suðurlandi.

Auðbjörg segir að líðan hennar sjálfrar eftir atburðina sé eins og við megi búast. „Hópurinn vann sem einn og það var ómetanleg aðstoð frá vegfarendum til að byrja með."

Nýskráningum hópbifreiða hefur fjölgað verulega



*Fyrir bifreiðar sem eru meira en 5 tonn

Það hafa því miður orðið mörg slys þar sem sömu þættir eru líklegast að koma fyrir og í þessu slysi.

Ágúst Mogensen, fyrrverandi rannsóknarstjóri

Biskup greiðir lægri leigu en stúdentar

KJARAMÁL Leigan sem Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands, er gert að greiða fyrir að búa í embættisbústað biskups í Bergstaðastræti 75 er lægri en háskólanemendur þurfa að greiða fyrir 44 fermetra, tveggja herbergja fjölskylduíbúð á Hjónagörðunum.

Agnes sagði í Fréttablaðinu í gær að leigan væri tæpar 90 þúsund krónur en nákvæm upphæð er samkvæmt framkvæmdastjóra kirkjuráðs 86.270 krónur á mánuði með hita og rafmagni.

Heildarstærð biskupsbústaðarins er 487 fermetrar og því ljóst að leigan er umtalsvert lægri en gengur og gerist á leigumarkaðinum í Reykjavík.

Fyrir sömu upphæð, 86 þúsund krónur, fá háskólanemar 29 fermetra stúdíóíbúð á Stúdentagörðunum, nánar tiltekið í Skerjagarði, með hita og rafmagni.

44 fermetra, tveggja herbergja fjölskylduíbúð á Hjónagörðunum leigist hins vegar á alls rúmlega 97 þúsund krónur. Ríflega tíu þúsund krónum meira en biskup greiðir fyrir bústaðinn.

97

þúsund krónur greiða stúdentar fyrir leigu á hjónaíbúð.

Þessu til viðbótar má sjá á tölfræði frá Þjóðskrá Íslands að meðalleiga á mánuði fyrir eignir 160 fermetrar eða stærri, í miðbæ Reykjavíkur, var um 290 þúsund krónur árið 2017.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær var þessi tæplega 90 þúsund króna leigugreiðsla einn þeirra þátta sem biskup tilgreindi sérstaklega í bréfi sínu til kjararáðs í aðdraganda 18 prósenta afturvirkrar launahækkunar á dögunum. Hún þyrfti nú að greiða húsaleigu af embættisbústaðnum, nokkuð sem forverar hennar hafi ekki þurft að gera. Hafið var að rukka biskup og vígslubiskupa um leigugreiðslu árið 2012.

Spurningar hafa vaknað um hvort lágt leiguverð biskups kunni að vera skilgreint sem skattskyld hlunnindi. Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ekki sé litið á búsetufyrirkomulag biskups sem hlunnindi.

„Almennt er það álit presta og biskups að slík kvöð sé frekar íþyngjandi." **– smj**

Áramóta bomba

25% afsláttur

af öllum snyrtivörum
27. desember - 1. janúar.
Meira úrval í Smáralind og Kringlu.

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Einstök 11 nátta ferð þar sem farþegum gefst kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótelum sem standa við strandlengju Marokkó. Á hótelunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekri og vellíðan - allt eftir því hvað hver og einn kýs.

PARADIS PLAGE

ROYAL ATLAS +

Flogið er beint til Agadir í Marokkó og dvalið fyrstu 6 næturnar á Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort og síðustu 5 næturnar á Hotel Royal Atlas Agadir. Á Paradise Plage Surf Yoga & Spa 4* er kjörið að njóta lífsins og alls hins besta sem hótelið hefur uppá að bjóða í mat, drykk og afþreyingu.

JÓGA 14.000/mann

JÓGA & DEKUR 25.000/mann

BRIMBRETTI & JÓGA 25.000/mann

ALLUR PAKKINN 38.000/mann

Á Paradise Plage er boðið upp á jóga, nudd, tyrknesk böð og ýmsar heilsu- og nuddmeðferðir. Fyrir þá sem vilja sörfa en eru óvanir þá er hér í boði brimbrettakennsla. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 daga afþreyingarpökkum: **Jóga** með 5x90 mín. jógatímum. **Jóga & Dekur** með 5x75 mín. jógatímum, 2 arabískum böðum, 1 kornmaska og 2 slökunarnuddum 25/50 mín. **Brimbrettaskóli** með 5x90 mín. brimbrettatímum. **Brimbretti & Jóga** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum. **Brimbretti, jóga og dekur** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum ásamt 2 arabískum ilmolíuböðum, 2 arabískum gufuböðum og 2x25 mín. nuddum.

Síðari hluta ferðarinnar er dvalið á Royal Atlas Agadir 4*+ í Agadir, sem er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Í Agadir er að finna gullna strandlengju eins langt og augað eygir en á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári.

Frá kr. 209.995 m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu
Netverð á mann frá kr.209.995 m.v. 2 í herbergi.

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 6 nætur á Hotel Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort 4* m/hálfu fæði og 5 í nætur á Hótel Royal Atlas Agadir 4*+ m/morgunmat. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

EINNEMM / SÍA • 1N083079

Heimsferðir
– fáðu meira út úr frínu

Starfsemi Actavis á Íslandi er til húsa við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Starfsfólk Actavis ósátt og íhugar uppsagnir

Starfsmenn Actavis og Medis á Íslandi segja óvissu og ákvarðanir stjórnenda hafa skapað slæman starfsanda. Kvarta undan upplýsingagjöf og skráðu sig á jólahlaðborð sem síðan var blásið af. Rekstur móðurfélagsins Teva er þungur.

VIÐSKIPTI Mikil óánægja er meðal starfsmanna lyfjafyrirtækjanna Actavis og Medis hér á landi sem hefur leitt til þess að margir hafa sagt eða íhuga að segja starfi sínu lausu. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við segja óvissu um framtíð fyrirtækjanna hér á landi, aukið vinnuálag og ákvörðun stjórnenda móðurfélagsins um að hætta við gjafir og viðburði tengda jólahátíðinni, hafa skapað slæman starfsanda.

Alls starfa rúmlega 300 manns hjá Actavis og Medis hér á landi. Rekstur ísraelsks móðurfélags þeirra, samheitalyfjafyrirtækisins Teva Pharmaceutical Industries, sem keypti fyrirtækin tvö í ágúst 2016, er þungur um þessar mundir. Nýr forstjóri Teva, Kåre Schultz, tilkynnti fyrir tveimur vikum að til stæði að segja upp fjórðungi starfsmanna eða um fjórtan þúsund manns. Þá hefur Medis verið í söluferli síðan í ágúst.

Starfsmönnum Actavis á Íslandi var sagt frá hagræðingaraðgerðum Teva í tölvupósti frá forstjóranum. Kvarta þeir í samtali við blaðið undan upplýsingagjöf stjórnenda og auknu vinnuálagi sem hafi meðal annars fylgt ákvörðun um að ekki yrði ráðið í stöður sem losna. Talsmaður Actavis og Medis segir í skriflegu svari að almenn starfsmannavelta hafi verið innan hefðbundinna marka síðastliðna mánuði. Ekki hafi verið ráðist í neinar uppsagnir starfsfólks.

» Alls starfa rúmlega 300 manns hjá Actavis og Medis hér á landi. Þau eru dótturfélög hins ísraelska Teva.

Starfsfólk Actavis og Medis fékk ekki jólagjafir frá fyrirtækinu eins og fréttavefurinn Vísir greindi frá í gær. Jólahlaðborð hafi þar að auki verið blásið af með um tveggja vikna fyrirvara. Heimildir blaðsins herma að skráningu á jólahlaðborðið hafi verið lokið þegar tölvupóstur barst um ákvörðun Teva. Hætt hafi verið við alla viðburði eða uppákomur og gjafir tengdar hátíðahöldunum. Sú ákvörðun er í takt við tilkynningu Teva um miðjan desember þar sem kom fram að engir bónusar yrðu greiddir út í desember né arðgreiðslur til hluthafa.

Actavis lagði fyrr á þessu ári niður lyfjaframleiðslu sína hér á landi. Misstu þá rúmlega 250 manns vinnuna. Erfiðleikar Teva, sem skuldar um 30 milljarða Bandaríkjadala, hafa valdið miklum titringi í Ísrael enda eiga lífeyrissjóðir þar og almenningur allur mikið undir. Hafa stjórnvöld og íbúar gagnrýnt uppsagnir og lokun verksmiðja harðlega og farið fram á að starfsemi fyrirtækisins á Indlandi og Írlandi verði þess í stað hætt.

haraldur@frettabladid.is

Astmasjúkir vilja að blási vel um áramót

UMHVERFISMÁL „Það er erfitt að anda, það er besta lýsingin. Maður finnur fyrir þyngslum og vanlíðan," segir Fríða Rún Þórðardóttir, hlaupakona og formaður Astma- og ofnæmisfélags Íslands, um óþægindin sem mengun af völdum flugelda getur valdið þeim sem glíma við astma eða aðra öndunarfærasjúkdóma.

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður Astma- og ofnæmisfélags Íslands.

Íslendingar munu á sunnudag skjóta upp flugeldum, líkt og hefð er fyrir. Í fyrra voru fyrir áramótin flutt inn ríflega 660 tonn af flugeldum en tonnin verða sennilega ekki færri í ár. Þorri flugeldanna er sprengdur upp á fáeinum klukkustundum þegar áramótin ganga í garð. Á fyrstu klukkutímum ársins 2017 mældist svifryksmengun á Grensásvegi 29-falt yfir heilsuverndarmörkum. Mengunin var rúm 1.450 míkrógrömm á rúmmetra en heilsuverndarmörk eru 50 míkrógrömm.

Útlit er fyrir að austangola verði á höfuðborgarsvæðinu um áramótin, að sögn Teits Arasonar veðurfræðings. Hann segir að líklega verði vindur um fjórir til fimm metrar á sekúndu og útlitið sé því betra en um síðustu áramót, þegar var dúnalogn. Hann segir að nýársdagur verði kaldur og vindur hægur. Ágætis veður til brennuhalda og flugeldaskota. „Þetta getur eiginlega ekki verið betra," segir hann.

Annars staðar á landinu verður vindur ef til vill meiri en að sögn Teits er hvergi útlit fyrir meira en 10 metra á sekúndu. Útlit sé fyrir úrkomulaust veður að mestu leyti þó kastað geti éljum norðan- og austanlands. „En ekkert sem truflar áramótagleðina."

Fríða Rún segir að mengunin komi illa við þá sem viðkvæmir eru. Þannig segist hún ekki geta tekið þátt í gamlárshlaupi ÍR. „Manni finnst maður ekki fá nóg súrefni, jafnvel þó maður sé, sem íþróttamaður, með góð lungu."

Fríða Rún veltir fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að skjóta öllum flugeldunum upp í einu og nefnir að þeir verði hvort eð er hálf ósýnilegir í mesta reyknum. „Við viljum helst hafa rok," segir hún um viðhorf meðlima Astma- og ofnæmisfélagsins til flugeldaskothríðarinnar. Hún ber að þeir kvarti lítið til félagsins vegna mengunar en telur að flestir haldi sig inni á meðan hún er sem mest. „Fólk fylgist með mengunartölum," segir hún og bætir við að mengun á nýársdag geti verið mikil.

Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur í loftgæðum, sagði við RÚV í vikunni að pappírsgrímur væru gagnslausar til að verjast mengun af völdum flugelda. Skárra væri að nota rykgrímur eins og fást í byggingavöruverslunum. Stofnunin mæli þó frekar með að fólk haldi sig inni. Mengunin sé sýnileg og fólk geti því vel fylgst með framvindu mála.

baldurg@frettabladid.is

KRÓNAN

GLEÐILEG JÓL

Opið til 22 í kvöld

*Opið til 20 á Reyðarfirði
og Vestmannaeyjum

Pssssst ... Nóg af rjóma?

Vissir þú að flestir gleyma að
kaupa nægan rjóma?

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Suður-Kórea vill minnka umsvif rafeyrisbraskara

SUÐUR-KÓREA Ríkisstjórn Suður-Kóreu ætlar að herða reglugerðir um viðskipti með rafmyntir þar í landi, til að mynda með Bitcoin. Frá þessu greindi ríkisstjórnin í gær en aðgerðirnar miða að því að minnka umsvif slíkra viðskipta vegna óstöðugleika myntanna.

„Ríkisstjórnin hefur ítrekað varað við því að rafmyntir geti ekki þjónað hlutverki raunverulegs gjaldmiðils. Viðskipti með rafmyntir gætu leitt til mikils taps vegna yfirgengilegs óstöðugleika," sagði í tilkynningu ríkisstjórnarinnar í gær.

Á meðal aðgerða er að banna alfarið notkun nafnlausra reikninga fyrir rafmyntarviðskipti sem og að heimila viðskiptaeftirliti landsins að loka viðskiptastöðum. Áður hefur ríkisstjórnin tilkynnt um þau áform sín að leggja sérstakan skatt á viðskipti með rafmyntir til þess að draga úr viðskiptum.

Virði vinsælustu rafmyntarinnar, Bitcoin, hefur rúmlega fjórtánfaldast frá upphafi árs. Í Suður-Kóreu er myntin afar vinsæl og Reuters segir allt frá húsmæðrum til námsmanna hafa fjárfest í henni. Þegar þessi frétt var skrifuð var eitt Bitcoin andvirði 14.427 bandaríkjadala eða 1.505.313 króna. Í upphafi árs var myntin virði um þúsund bandaríkjadala. **– þea**

Stafar enn ógn af starfsemi ISIS

Árinu 2017 er að ljúka og kalífadæmi ISIS er í molum. Samtökin eru þó enn fullfær um að beita skæruhernaði. Það sást greinilega í gær þegar sjálfsmorðssprengjuárás kostaði 41 lífið í Kabúl, höfuðborg Afganistans.

AFGANISTAN Þótt hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki hafi misst tökin á megninu af því landsvæði sem þau héldu í Írak og Sýrlandi, hinu svokallaða kalífadæmi, eru þau enn fullfær um að gera skæðar hryðjuverkaárásir. Það sást greinilega í gær þegar samtökin lýstu því yfir á miðli sínum, Amaq, að þau hefðu ráðist á menningarmiðstöð sjíamúslima, Tabaya, í afgönsku höfuðborginni Kabúl.

Að minnsta kosti 41 fórst í árásinni og rúmlega 80 særðust þegar ISIS-liði sprengdi sig í loft upp. Innanríkisráðuneyti Afganistans greindi frá því að tvær sprengingar hefðu fylgt í kjölfarið. Þær hafi þó ekki orðið neinum að bana. Afganski miðillinn Afghan Voice er með skrifstofur sínar á sama svæði og Tabaya og fórst einn blaðamaður í árásinni og tveir særðust.

Þetta er ekki fyrsta árás ISIS á sjíamúslima í Vestur-Kabúl. Slíkar árásir hafa verið nokkuð tíðar undanfarið og samkvæmt greinendum BBC er óttast að með þeim séu skæruliðarnir að reyna að hrinda af stað átökum á milli sjía- og súnnímúslima á svæðinu. Nú þegar megi greina óánægju á meðal sjíamúslima með ríkisstjórn forsetans Ashraf Ghani. Þeim þyki mörgum hverjum hann ekki gera nóg til að vernda trúflokkinn.

Þessar afgönsku konur voru í heljargreipum sorgarinnar eftir hryðjuverkaárás gærdagsins þegar fjórir tugir Afgana létust í sprengingu. NORDICPHOTOS/AFP

ISIS greindi frá stofnun svokallaðrar Khorasan-deildar kalífadæmisins í janúar 2015, en Khorasan er gamalt heiti á Afganistan. Á fyrstu vikum og mánuðum hinnar nýju deildar gekk vel. Landsvæði vannst í austur- og norðurhlutum landsins. Það hefur þó að miklu leyti tapast vegna aðgerða afganska hersins sem og Bandaríkjamanna og Atlantshafsbandalagsins.

Nú, líkt og í Sýrlandi og Írak, heldur ISIS afar litlu landsvæði í Afganistan og hefur brugðið á það ráð að beita skæruhernaði. Á milli 1.000 og 5.000 ISIS-liðar eru eftir í landinu. Til samanburðar greindi Reuters frá því í vikunni að álíka margir væru eftir í Sýrlandi.

Árið sem er að líða hefur ekki verið ár ISIS. Borgirnar Rakka og Mósúl, höfuðvígin í Sýrlandi og Írak, hafa tapast. Ljóst er að kalífadæmið svokallaða er í molum en eins og árásin í gær sýnir eru samtökin þó enn fullfær um að valda gríðarlegu tjóni.

„Þau eru eins og villiköttur sem króaður hefur verið af. Hann ræðst á hvern sem er og hvað sem er til þess að reyna að bjarga sjálfum sér," sagði Peter Vincent, sérfræðingur á sviði hryðjuverkavarna og fyrrverandi starfsmaður heimavarnaráðuneytis Bandaríkjanna, við NBC News á miðvikudag. Hann sagði jafnframt að stríðið gegn ISIS væri ekki unnið. Það tæki fjölda ára til viðbótar og margir almennir borgarar gætu týnt lífinu í millitíðinni.

Þá reyndi ISIS núna að beina sjónum sínum að Jemen, Tsjad, Malí og Suður-Filippseyjum. Þar gætu vígamenn samtakanna fundið andrými og þar væri hægt að gera árásir.

Í sömu frétt miðilsins sagði Richard Barrett, fyrrverandi yfirmaður hryðjuverkavarna hjá bresku leyniþjónustunni MI6, að fall kalífadæmisins myndi þó hamla nýliðun. Ekki væri lengur hægt að selja hugsjónina um hið fullkomna íslamska ríki. „Margir gengu til liðs við samtökin til þess að verða hluti af einhverju raunverulegu, ekki einhverju hugsanlegu." **thorgnyr@frettabladid.is**

Auður er ein af þeim flottustu. Rauðar og grænar kúlur skjótast upp og springa í glitrandi blóm. Ýlur sem synda ískrandi upp himininn og gyllt stjörnuglitur sem springur út með braki og brestum.

Þú færð Auði á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

Leyfi fyrir auknu fiskeldi á Vestfjörðum

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun hefur veitt Fjarðalaxi og Arctic Sea Farm starfs- og rekstrarleyfi fyrir fiskeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalaxi er heimilt að framleiða allt að 10.700 tonnum og Arctic Sea Farm 6.800 tonnum.

Fjarðalax er dótturfyrirtæki Arnarlax en líkt og Fréttablaðið greindi frá í september hafði Arnarlax hætt fiskeldisstarfsemi sinni í Patreksfirði. Sýnatökur Náttúrustofu Vestfjarða síðastliðinn vetur bentu til mikillar uppsöfnunar lífræns úrgangs sem bærist með straumum inn fjörðinn.

Víkingur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að til standi að hefja aftur starfsemi í Patreksfirði. Kristian Matthíasson, forstjóri Arnarlax, sagði aftur á móti í september að það væri á hreinu að kvíarnar yrðu færðar og Arnarlax myndi ekki setja út fisk á þessum stað. Auk þess sagði hann að staðsetningin uppfyllti ekki skilyrði sem fyrirtækið setji umhverfi sínu. Leyfin nú eru gefin út fyrir sömu staðsetningar í Patreksfirði og kvíar Arnarlax voru á.

Fjarðalax hefur fengið starfsleyfi í Patreksfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Í ljósi frétta af mengun frá því sjókvíaeldi sem hefur verið í Patreksfirði vekur útgáfa á nýjum leyfum fyrir stórauknu eldi óneitanlega furðu," segur Jón Kaldal, hjá Icelandic Wildlife Fund. „Samkvæmt þeim fréttum leiddi úttekt Náttúrustofu Vestfjarða í ljós að mengun frá laxeldiskvíunum hlóðst ekki aðeins upp í nágrenni eldiskvíanna og eyddi lífi botndýra þar, heldur hefur mengunina líka rekið inn fjörðinn og safnast þar saman. Þetta hlýtur að vera mikið áhyggjuefni." **– aig**

LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

15% afsláttur
af öllu lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkningarstærðum.

Gildir út janúar 2018

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

BRIMBORG STYRKIR BJÖRGUNARSVEITIRNAR

Brimborg hefur í mörg ár átt farsælt samstarf við Landsbjörgu og
styrkir árlega Hálendisvakt björgunarsveitanna.
Við höldum því stolt og þakklát áfram í ár og styrkjum björgunarsveitirnar
með kaupum á flugeldum fyrir 6.000.000 kr. frá Hjálparsveit Skáta.

***Brimborg fagnar nú enn einu metsöluárinu og vill af því tilefni
einnig þakka viðskiptavinum sínum, starfsfólki, samstarfsaðilum og
landsmönnum öllum fyrir árið sem er að líða og óskar öllum gæfu á nýju ári.***

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 | Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 8 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5

Ár neytandans

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Landslagið á smásölumarkaði tók stakkaskiptum á árinu sem er að líða. Innreið Costco til Íslands, sem og að einhverju marki koma H&M, hratt af stað tímabærri uppstokkun í verslun hérlendis þar sem fyrirtæki hafa þurft að leita allra leiða til að bregðast við gjörbreyttu samkeppnisumhverfi. Þegar við bætist mikill og ör vöxtur í netverslun er óhætt að segja að það hafi orðið kerfisbreyting á smásölumarkaði. Þær breytingar eru líklegar til að hafa varanleg áhrif á íslenskt viðskiptalíf – til enn frekari hagsbóta fyrir neytendur.

Það var því ekki að ástæðulausu að opnun verslunar Costco eru viðskipti ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Vísis og Stöðvar 2. „Fáir eða enginn einstakur viðburður í íslensku atvinnulífi hefur haft eins víðtæk áhrif og sú viðskiptaákvörðun að opna Costco á árinu," sagði einn dómnefndarmaður. Undir þá skoðun má taka en koma Costco hefur einnig haft afgerandi áhrif á heildsölu- og eldsneytismarkaðinn. Heildsalar reyndu að endursemja við erlenda birgja um lægra innkaupsverð enda þótti ljóst að margar smærri verslanir myndu sjá hag sínum best borgið með því að beina viðskiptum sínum til Costco.

Þá brugðu stærstu smásölufyrirtæki landsins, svo sem Hagar og N1, á það ráð að snúa vörn í sókn og mæta hinum nýja keppinaut með því að sameinast annars vegar Olís og hins vegar Festi, móðurfélagi Krónunnar. Þau viðskipti bíða enn samþykkis Samkeppniseftirlitsins en það hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að ógilda boðaðan samruna Haga og Lyfju. Sú ákvörðun var mislestur á stöðunni þar sem lítið tillit var tekið til breyttra aðstæðna á smásölumarkaði. Stjórnendur Haga eiga samt enn langt í land með að auka tiltrú fjárfesta á félaginu sem refsuðu þeim fyrir að hafa sofið á verðinum í aðdraganda opnunar Costco. Hlutabréfaverð Haga lækkaði á skömmum tíma um meira en 35 prósent eftir komu Costco. Íslenski smásölurisinn, eins og einn dómnefndarmaður benti á, var „opinberaður sem stofnun á fákeppnismarkaði".

Árið 2017 hefur því um margt verið ár neytandans. Verðlag lækkaði nokkuð eftir afnám vörugjalda og tolla og EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að bann stjórnvalda við innflutningi á fersku kjöti og eggjum bryti í bága við EES-samninginn. Almenningur hefur einnig ekki farið varhluta af miklum efnahagsuppgangi. Raungengi krónunnar er í hæstu hæðum og kaupmáttur Íslendinga erlendis sjaldan verið meiri. Ólíkt árunum í aðdraganda bankahrunsins þá stafar hagvöxturinn og gengisstyrkingin í þetta sinn einkum af stöðugum vexti í útflutningstekjum og stórbættri skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Viðskiptaafgangur hefur verið mikill og viðvarandi og erlend staða þjóðarbúsins ekki verið betri frá því mælingar hófust. Hagkerfið hefur aldrei staðið á styrkari stoðum.

Á sama tíma og allt stefnir í að núverandi hagvaxtarskeið verði hið lengsta í lýðveldissögunni þá hefur verðbólga verið undir markmiði Seðlabankans í nær fjögur ár. Kaupmáttur launa hefur vaxið um 7 prósent í ár en frá ársbyrjun 2015 hefur aukningin verið liðlega 20 prósent. Ólíklegt er að sami vöxtur verði í kaupmætti árið 2018 en að það takist að tryggja frið á vinnumarkaði og semja um hóflegar launahækkanir eru forsendur fyrir frekari vaxtalækkunum Seðlabankans. Það yrði betri niðurstaða fyrir almenning en nafnlaunahækkanir sem engin innstæða er fyrir.

Smásölurisinn, eins og einn dómnefndarmaður benti á, var „opinberaður sem stofnun á fákeppnismarkaði".

Halldór



Frá degi til dags

Eldfimara en Icesave

Sævari Helga Bjarnasyni stjörnufræðikennara hefur tekist að kljúfa þjóðina í tvennt með tillögu um að almenn notkun flugelda verði bönnuð. Reykmengun, svifryk, hávaði og sóðaskapur eru ástæðurnar. Drjúgur hluti landsmanna er vitaskuld sprengjuóður og tekur þessu eins og óðar ýlur á heiðum himni. Sprengigígurinn sem myndast hefur milli þeirra sem eru með Sævari og á móti virðist álíka djúpur og Icesave-gjáin sællar minningar. Sprengjufólkið lætur skömmum rigna yfir Sævar og gefur lítið fyrir kveinstafi fólks með öndunarörðugleika og eigendur gæludýra enda ekki aðeins alíslensk áramótagleði í húfi heldur túristaaðdráttarafl Reykjavíkur um áramót og auðvitað efnahagsreikningur björgunarsveitanna.

Tár falla á biskup

Þjóðargersemin Laddi bræddi ófá hjörtu með angurværri útsetningu á jólalaginu Snjókorn falla á tónleikunum Gloomy Holiday í Hörpunni í fyrrakvöld. Laddi gaf sig allan í harmþrunginn sönginn og hafi einhver séð glitra á tár á hvarmi hans þá er sonur hans, uppistandsgrínarinn Þórhallur Þórhallsson, með skýringu á reiðum höndum: „Ástæðan fyrir að pabbi var svona tárvotur í gær á tónleikunum var að hann var nýbúinn að frétta hvað biskupinn borgar í leigu." Flóknara var það nú ekki. thorarinn@frettabladid.is

Hræsnin um launin

Gunnlaugur Stefánsson
fyrrverandi alþingismaður og sóknarprestur í Heydölum

Forseti Alþýðusambands Íslands býsnast yfir launum biskups Íslands og alþingismanna, telur kjararáð, sem ákveður launin þeirra, vera á algjörum villigötum, skilur ekkert í hvaða vinnumarkað ráðið miði við og hótar að segja upp kjarasamningum láglaunafólks. Svo söng Fríkirkjuprestur í Reykjavík, sem er einn tekjuhæsti prestur landsins, af vandlætingu viðlagið með Viðskiptaráði.

Tekjuhátt fólk man oft ekki nákvæmlega hvaða laun það hefur. Gildir það um forseta Alþýðusambands Íslands? Kjararáð hækkaði nefnilega laun biskups í nánast sömu laun og forseti Alþýðusambandsins hefur fyrir störfin sín og hefur haft um árabil, þó alþingismenn séu enn með um fjórðungi lægri laun en hann. Nú gegnir biskup elsta embætti í sögu þjóðar og alþingismenn setja landinu lög, en líklega vegur það létt í samanburði við ábyrgðina sem hvílir á herðum forseta Alþýðusambands Íslands.

Ef nær er skoðað í vinnumarkað verkalýðsforystunnar, þá eru samkvæmt skattskrám vandfundnir verkalýðsforingjar sem ekki eru með á aðra milljón á mánuði og vekja athygli mörg dæmi um hækkun launa þeirra á milli áranna 2015 og 2016 um 20-45% samkvæmt fréttum fjölmiðla. Ekki varð það til að rústa „sáttinni" um lægstu laun á vinnumarkaði. Sjálfsagt er að verðskulda með góðum launum ábyrgðarfull störf forystufólks í launþegahreyfingunni sem m.a. felast í að ákveða laun fyrir stjórnendur lífeyrissjóða landsins. Þá kemur ekkert annað til greina en að greiða ofurlaun, sem kjararáð hefur ekki enn treyst sér til að hafa til viðmiðunar í úrskurðum sínum.

Hvenær kemur sá tími að verkalýðsforingjar horfi sér nær og hafi vinnumarkað að viðmiðun, sem þeir þekkja best af eigin reynslu og segi þess vegna upp kjarasamningum láglaunafólks? Í kjaraviðræðum í framhaldinu færi vel á því að fólkið við samningaborðið skiptist á upplýsingum um hvert annars laun og létu svo ráða um niðurstöðu kjarasamnings fyrir láglaunafólkið. Það væri lifandi vinnumarkaður til að taka mark á og miða lægstu launin við.

Tekjuhátt fólk man oft ekki nákvæmlega hvaða laun það hefur. Gildir það um forseta Alþýðusambands Íslands?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Fyrirgefning og réttlæti

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Skömmu fyrir jól urðu þau tíðindi í Bandaríkjunum að tveir miðaldra menn féllust í faðma, felldu tár og fyrirgáfu hvor öðrum áratugalanga beiskju. Viðburðurinn var svo hjartnæmur og fallegur að myndband af honum dreifðist undurskjótt um heimsbyggðina, þar sem milljónir miðaldra karlmanna horfðu á og felldu kannski sjálfir tár eða sugu að minnsta kosti hressilega upp í nefið.

Faðmlag mannanna var tröllslegt, því annar þeirra er 205 sentimetra hár en hinn um 185 og báðir vöðvastæltir fyrrum atvinnumenn í íþróttum og ágætlega dúðaðir af velmegunarspiki eftir áratugina sem liðnir eru frá því þeir lögðu skóna á hilluna.

Mennirnir tveir eru meðal frægustu körfuboltakappa níunda áratugarins; Magic Johnson og Isiah Thomas. Þeir voru nánir vinir sem ungir menn, en vinskapur þeirra súrnaði skyndilega fyrir 25 árum af ýmsum ástæðum—og þróaðist út í gagnkvæma fyrirlitningu, svikabrigsl og illmælgi.

Þeir félagar settust loks niður og áttu sitt fyrsta samtal í áratugi. Fundur þeirra var fyrir milligöngu fjölda sameiginlegra vina og fjölskyldumeðlima sem öllum fannst orðið tímabært að gefa kærleiknum sem eitt sinn var á milli þeirra tækifæri til þess að feykja burt þeim skýjum sem síðar hrönnuðust upp.

Kærleikurinn sigrar

Á þeim tíma sem óvinátttan stóð gat hvor um sig tínt til hinar ýmsu ástæður fyrir henni; og allar voru auðvitað hinum að kenna. Samskiptaleysi og fjarlægð gerðu þeim báðum kleift að herðast í óvildinni og sannfæra sig sjálfa um að lífið væri betra án hins og að vinátta þeirra væri bæði dauð og grafin.

Það tók hins vegar ekki langan tíma þegar þeir hittust á ný að finna að nýju sameiginlega strengi. Og eftir smá spjall steig Magic það skref að biðja vin sinn Isiah fyrirgefningar á því að hafa komið illa fram við hann. Við það brast tilfinningastíflan hjá þeim báðum og þeir stóðu tárvotir í faðmlögum í dágóða stund; allt fyrir framan myndavélarnar. Það þurfti ekki orð til að sjá að fyrirgefningin var auðfengin, vináttan var komin aftur og kærleikurinn hafði enn á ný vikið óvildinni úr vegi.

Þar með er auðvitað ekki búið að stroka út úr raunveruleikanum þá staðreynd að báðir hafa þeir komið illa fram, sagt ljóta og meiðandi hluti og verið andstyggilegir á ýmsan hátt. Þeir eru báðir sekir og sakbitnir. Og ómögulegt er að reikna það út hvor þeirra hefur gert meira á hlut hins, eða jafna það skor þannig að báðir telji sanngjarnt.

Ef undan er skilið einstaka helgifólk þá höfum við öll bæði orðið fyrir óréttlæti og valdið því; við höfum komið illa fram og aðrir hafa komið illa fram við okkur—í okkur kraumar bæði reiði yfir því sem okkur hefur verið gert og samviskubit yfir því sem við höfum gert öðrum. Fólk er flókið og margbreytilegt og lífsgangan er ekki alltaf á beinum eða breiðum vegi. Enginn er fullkominn.

Áhugaverð tilraun

Máttur fyrirgefningarinnar er kannski einhver mikilvægasti boðskapur kristninnar. Kristur kenndi að bjóða ætti hinn vangann og fyrirgefa nágranna sínum ekki aðeins sjö sinnum, heldur sjö sinnum sjötíu sinnum. Þetta þætti okkur flestum líklega jaðra við geðleysi, enda ber sennilega að taka þessi orð frekar til umhugsunar en sem forskrift.

Engu að síður er áherslan á fyrirgefningu í kristninni töluverð stefnubreyting frá því sem boðað er í Gamla testamentinu. Jafnvel þótt „auga fyrir auga“ hafi alls ekki verið boðskapur hefndar, heldur einmitt hóflegra og sanngjarnra refsinga, þá er óhætt að segja að áherslan á fyrirgefningu aðgreini kristnina öðru fremur frá gyðingdómnum sem hún er sprottin af. Ísraelskur vinur minn orðaði það þannig að honum þætti þessi áhersla á fyrirgefningu vera forvitnileg tilraun; en taldi sjálfur að réttlæti væri miklu mikilvægara.

Vaggandi vogarskálar

Sá er hins vegar vandinn við réttlætið að erfitt getur reynst að meta hvenær tvær misgjörðir jafna hvor aðra út; eða hvenær refsing er nákvæmlega hæfileg til þess að jafna sakir. Fyrir vikið einkennast langvarandi illdeilur og sérindi milli fólks og þjóða af því að vogarskálar réttlætisins ná aldrei því friðsæla jafnvægi sem allir geta fellt sig við.

Spurningar um refsingu, hefnd, fyrirgefningu og iðrun eru meðal þeirra mikilvægustu og flóknustu í mannlegu samfélagi. Þær eiga við okkur sjálf sem einstaklinga, innan fjölskyldna, milli vina og einnig á opinberum vettvangi—þar sem ríkisvaldinu er falið vald til þess að framkvæma refsingar þótt stundum eigi þær sér stað í formi umfjöllunar eða útskúfunar. Allt er þetta vandmeðfarið og flókið.

Engan er hægt að neyða til að fyrirgefa það sem á hlut hans hefur verið gert, og sumum tekst aldrei að fyrirgefa sjálfum sér fyrir það sem þeir hafa gert á hlut annarra. Og fyrir sumar misgjörðir er ótækt annað en að refsa. En í góðu samfélagi eru lærdómur, iðrun og yfirbót er ekki síður mikilvægir þættir í gangverki réttlætisins heldur en refsing og hefnd.

Svalandi fyrirgefning

Þeir félagar Magic Johnson og Isiah Thomas ákváðu bersýnilega að þeim myndi báðum líða betur ef þeir brytu odd af oflæti sínu og gæfu hvor öðrum upp sakir í stað þess að láta sig dreyma um hefnd og réttlæti. Nema auðvitað að þeir hafi komist að þeim sannleik að þorstanum eftir hefnd verði ekki svalað fullkomlega með fullkominni refsingu heldur með fullkominni fyrirgefningu.

Kirkjufellsfossinn fagri

Guðmundur Ingi Þóroddson
formaður Afstöðu

Kirkjufellsfoss er líklega að verða einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna sem leið eiga um Snæfellsnesið. Þangað koma þúsundir ferðamanna alla daga til að berja fossinn augum og auðvitað til að taka mynd af Kirkjufellinu frá þessu tiltekna sjónarhorni.

Bílastæði eru örfá og gríðarlegt umferðaröngþveiti myndast við þjóðveginn þar sem ægir saman stærðarinnar langferðabílum og smæstu bílaleigubílum. Slysahættan er áþreifanleg og mannslíf í stanslausri hættu.

Ég hef undrast það hvers vegna landeigendur hafi ekki gert bragarbót á, öllum til heilla, og komist að því að þeir vilja hreinlega ekki að ferðamenn komi inn á svæðið. Þeir hafa reynt að loka svæðið af, þrengt inngang að bílastæðum, sett lása á öll hlið og jafnvel öskrað á ferðamenn sem þarna koma.

Lokanirnar á svæðinu eru reyndar orðnar svo umfangsmiklar að Grundfirðingar geta ekki lengur gengið um svæðið eins og áður.

Þarna væri með litlum tilkostnaði hægt að koma upp þjónustumiðstöð með góðu bílastæði og varningi til sölu. Miðað við fjölda ferðamanna daglega mætti þéna vel á því.

Merkilegast við afstöðu landeigandans, eða þess sem á 70% af landinu, er að hann býr ekki sjálfur í Grundarfirði heldur í útlöndum. Og hann er þekktur fyrir það að ferðast og njóta náttúruperla í öðrum löndum á sama tíma og hann gerir hvað hann getur til að halda ferðamönnum frá Kirkjufellsfossi.

Þannig að í stað þess að koma upp aðstöðu fyrir ferðafólkið, og eflaust hagnast, þá mun þessi tiltekni landeigandi hafa slysin sem verða á svæðinu á samvisku sinni.

Grill - Húsgögn
Eldstæði - Útiljós
Jólaljós - Aukahlutir
Grillbúðin
25% afsláttur
Verð áður 74.900
56.175
ÚTSALA
• Afl 10,5 kW
3 brennarar
Brennarar úr ryðfríu stáli
Postulínsemaleruð efri grind
Grillgrindur úr steypujárni
TS hitajöfnunarkerfi
Veiking í öllum stökkum
Hliðarborð úr emaleruðu stáli
Einangrað lok
• Postulínsemaleruð efri grind
• Hitamælir
• Grillflötur 65 x 44 cm
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Vönduð Yfirbreiðsla fylgir
Opið virka daga 11-18
Laugardag 11-16
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

Icelandic lamb nær til erlendra ferðamanna

Svavar Halldórsson
framkvæmdastjóri Icelandic lamb

Um 150 innlendir aðilar í nýsköpun, hönnun, verslun, úrvinnslu eða veitingarekstri eru í samstarfi við Icelandic lamb.

Nú er senn að ljúka fyrsta heila starfsári markaðsstofunnar Icelandic lamb. Hlutverk hennar er m.a. að kynna íslenskt lambakjöt, ull og aðrar sauðfjárafurðir fyrir erlendum ferðamönnum. Þetta er í fyrsta skipti sem það hefur verið gert með skipulögðum hætti. Starfið hverfist um eitt sameiginlegt merki sem táknar gæði, hreinleika og sérstöðu.

40 milljón snertingar á netinu

Icelandic lamb heldur úti öflugri samfélagsmiðlaherferð sem hefur skilað um 40 milljón snertingum. Þetta er fjórfalt það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Um 50 myndbönd eru í dreifingu á vefnum ásamt öðru efni. Einstaka myndbönd hafa fengið allt að sjö þúsund deilingar sem er framúrskarandi á alla mælikvarða. Herferðin hefur verið verðlaunuð af FÍT, tilnefnd til evrópsku ADCE verðlaunanna og norrænu Emblu-verðlaunanna.

Um 150 innlendir aðilar í nýsköpun, hönnun, verslun, úrvinnslu eða veitingarekstri eru í samstarfi við Icelandic lamb. Þar af eru rúmlega hundrað veitingastaðir af öllum stærðum og gerðum. Staðirnir setja lambakjöt í öndvegi og merkið er áberandi inni á stöðunum, á heimasíðum þeirra og víðar. Þetta samstarf hefur skilað sér greinilega í töluvert aukinni sölu.

30% þekkja merkið

Samkvæmt nýrri Gallup-könnun meðal erlendra ferðamanna kom í ljós að um 30% þekkja merkið og hafa á því jákvæða skoðun. Þessi niðurstaða er framar björtustu vonum. Undirritaður og aðrir sem að verkefninu standa þóttu bjartsýnir þegar þeir gerðu sér vonir um að ná til 10% erlendra ferðamanna á fyrsta heila starfsárinu.

Könnunin sýnir einnig að 52% erlendu ferðamannanna borða íslenskt lambakjöt á veitingastöðum. Flestir bara einu sinni en margir oftar. Aðeins 15% keyptu sér hins vegar íslenskt lambakjöt úti í búð. Ljóst er að þar eru mikil sóknarfæri en aukin samvinna við íslenskar smásöluverslanir er einmitt ein helsta áhersla Icelandic lamb fyrir árið 2018.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF · REYKJADALUR

Dregið hefur verið í jólahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Vinningar komu á eftirtalin númer:

Toyota Yaris Active Hybrid að verðmæti kr. 2,890.000 hvor bifreið.

2318 63833

Ferðavinningur frá Heimsferðum að upphæð kr. 600.000

6341 41119 47585 79120

Ferðavinningur frá Heimsferðum að upphæð kr. 300.000

269	10944	20093	31224	39081	51209	60896	72101
1002	12190	20519	31775	40636	51621	61573	73240
2810	13150	20540	31850	43298	53003	62222	73986
4852	14002	24156	32342	44355	54783	65150	74989
4861	14234	24567	33092	44663	55607	65200	75005
5290	14329	25542	33124	45052	55664	66696	76500
5772	14780	25603	33161	45460	55791	68852	76612
7882	14841	26077	34753	45764	55974	69260	76980
9098	17446	26907	36211	46369	57001	69396	77873
10257	17883	27770	36494	47410	57229	69805	78227
10363	17974	28135	37044	48424	59425	70555	78366
10483	18661	28825	37340	49020	59492	71225	78724
10842	20062	31134	37625	50368	60824	71499	78930

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

Byrjað verður að greiða út vinninga 5. janúar 2018. Vinningsskrá er einnig birt á heimasíðu félagsins ***www.slf.is***

ÁRIÐ 2017 MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR

VERTU REYKLAUS

Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ

NICOTINELL

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

ÁRIÐ 2017 MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR

DORMA

Láttu drauminn rætast

JANÚAR ÚTSALAN HEFST Í DAG

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

Meira girnilegt

Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Eldamennskan verður ekki auðveldari

3.299 kr/kg

Hagkaups hangikjöt

Minna salt en sama bragð

3.999 kr/kg

Hagkaups hamborgarhryggur

Saltminni og því þarf aðeins að elda í ofni.

1.599 kr/kg

Akurhænubringur

1.099 kr/pk

Fylltar kalkúnabringur 4 tegundir

3.499 kr/kg

Rjúpur

779 kr/stk

Tilboð gilda út 2. janúar

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

Íslenskur ferskur kalkúnn

1.999kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Hin 25 ára Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, er íþróttamaður ársins 2017 á stórbrotnu ári í sögu íslenskra íþrótta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fannst ég vera fyrir þeim stóru

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir var í gær kjörin íþróttamaður ársins af Samtökum íþróttafréttamanna. Hún er fyrsti kylfingurinn sem verður fyrir valinu í 62 ára sögu kjörsins og sjötta konan sem hampar titlinum.

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Blað var brotið í 62 ára sögu Íþróttamanns ársins þegar kylfingur varð í fyrsta sinn fyrir valinu í kjörinu, sem Samtök íþróttafréttamanna standa að. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fékk flest atkvæði í kjörinu, 422 stig af 540 mögulegum. Knattspyrnumennirnir Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson voru skammt undan en þessi þrjú voru í nokkrum sérflokki.

„Þetta er búið að vera stórkostlegt ár, eins og allir eru búnir að segja, hjá öllu íþróttarfólkinu okkar og það er mikill heiður að vera valin úr þessum hópi," sagði Ólafía Þórunn þegar valið var kunngjört.

Ólafía var sannkallaður brautryðjandi fyrir íslenska kylfinga á árinu sem er að líða. Hún varð fyrsti Íslendingurinn sem keppir á bandarísku atvinnumótaröðinni í golfi og varð einnig fyrsti Íslendingurinn til að keppa á risamóti í íþróttinni en alls keppti hún á þremur slíkum mótum á árinu.

Stærsta afrekið var þó líklega að endurnýja þátttökurétt sinn á LPGA-mótaröðinni sem er ekki sjálfgefið fyrir nýliða. Ólafía vann sig jafnt og þétt upp peningalista mótaraðarinnar en efstu 80 kylfingar hennar í lok árs komust í efsta forgangsflokk næsta tímabils. Ólafía hafnaði í 73. sæti listans með 23,5 milljónir.

„Þetta er vonum framar að vera í toppbaráttunni. Fyrst langaði mig bara að halda kortinu mínu, en svo fékk ég reynslu og lærði af árinu og það fleytti mér áfram," sagði Ólafía, en hún náði best fjórða sæti á árinu á móti í Bandaríkjunum. Hún spilar við marga af bestu kvenkylfingum heims og sagðist hafa verið smeyk við þær í fyrstu, en í dag séu þær orðnir vinir. „Í fyrstu mótunum þá var það mjög skrítið [að mæta stóru nöfnunum] og mér fannst ég alltaf vera fyrir þeim, ég var bara einhver lítill Íslendingur, en núna þá eru þær jafningjar mínir og við erum bara vinkonur."

Ólafía spilaði mikið á árinu og sagði það hafa tekið sinn toll. „Þetta er búið að vera ótrúlega stíft ár. Ég fann það í lok ársins að ég hefði mátt taka mér aðeins meiri pásur, mig langaði bara að spila í öllu."

Nýtt keppnistímabil hefst í lok janúar á Bahamaeyjum en það er margt spennandi fram undan hjá Ólafíu, sem er nú þegar örugg með keppnisrétt á fyrstu risamótum ársins. Ólafía ætlar sér að gera enn betur á næsta ári en í ár. „Stefnan er sett ennþá hærra. Ég er ekki alveg búin að setja mér markmið fyrir árið, annað en bara að vinna hörðum höndum og sjá hversu langt maður kemst. Maður stefnir alltaf á sigur, ég á ennþá eftir að brjóta þann múr á Evrópumótaröðinni eða LPGA, svo það er næsta markmið," sagði Ólafía.

Mikil ferðalög fylgja golfiþróttinni, en mót LPGA mótaraðarinnar fara fram í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Ólafía sagði ferðalögin vera erfið og hún viti oft á tíðum ekki hvar hún er hverju sinni. Hún hefur verið í frí eftir að Drottningarmótinu í Japan lauk nú fyrr í mánuðinum og nýtir þann tíma vel. Hún segir þó að tíminn hverfi frá henni í hina ýmsu hluti, hún sé alltaf í viðtölum eða myndatökum og viti ekkert hvert tíminn fari.

„Ég er ekki búin að snerta golfkylfu frá því ég kom frá Japan. Það er sagt að það sé mjög gott að taka sér alveg frí og vera alveg andlega frá golfinu. Svo fer ég til Flórída í janúar og þá byrja ég aftur með trompi," sagði Ólafía, en hún segist njóta þess að vinna í andlegu hliðinni. „Ég er smá svona nörd þar og finnst ógeðslega gaman að vinna í því," sagði íþróttamaður ársins 2017, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.

astrosyr@365.is

Gunnar á Hlíðarenda er einn af mestu hetjum Íslandssögunnar. Bláar kúlur skjótast upp og springa með braki og brestum í silfraða pálma og rauðar stjörnur sem dreifast um himininn. Sannkallaður kappi.

Íþróttamaður ársins
mest 540 stig

Aron Einar Gunnarsson varð í öðru sæti í kjörinu með 379 stig. Aron Einar hefur verið fyrirliði íslenska landsliðsins um árabil og fór fyrir liðinu þegar það tryggði sér sæti á HM í knattspyrnu. Aron Einar var fastamaður með Cardiff í ensku B-deildinni á árinu.

Í þriðja sæti varð Gylfi Þór Sigurðsson, leikmaður íslenska landsliðsins og Everton. Gylfi Þór var lykilmaður með landsliðinu og þótti einn besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar á vormánuðum, er Swansea bjargaði sér frá falli. Gylfi var svo seldur til Everton í sumar fyrir metupphæð.

Niðurstaða kjörsins

1. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, *golf* 422
2. Aron Einar Gunnarsson, *knattspyrna* 379
3. Gylfi Þór Sigurðsson, *knattspyrna* 344
4. Aníta Hinriksdóttir, *frjálsar* 172
5. Sara Björk Gunnarsdóttir, *knattspyrna* 125
6. Guðjón Valur Sigurðsson, *handbolti* 94
7. Jóhann Berg Guðmundsson, *knattspyrna* 88
8. Hrafnhildur Lúthersdóttir, *sund* 76
9. Valdís Þóra Jónsdóttir, *golf* 72
10. Helgi Sveinsson, *íþróttir fatlaðra* 47
11. Ásdís Hjálmsdóttir, *frjálsar* 41
12. Júlían J. K. Jóhannsson, *kraftlyftingar* 37
13. Alfreð Finnbogason, *knattspyrna* 18
14. Birgir Leifur Hafþórsson, golf 17
15. Martin Hermannsson, *körfubolti* 16
16. Fanney Hauksdóttir, *kraftlyftingar* 15
17. Þuríður Erla Helgadóttir, *lyftingar* 4
18. Snorri Einarsson, *skíðaganga* 2
19. Hannes Þór Halldórsson, *knattspyrna* 1
20. Dagný Brynjarsdóttir, *knattspyrna* 1

Lið ársins



Karlalandsliðið í knattspyrnu fékk fullt hús stiga í kjörinu um lið ársins þriðja árið í röð. Ísland tryggði sér sæti í lokakeppni HM í fyrsta sinn í sögunni og varð um leið fámennasta þjóð heims til að afreka það. Ísland vann sinn riðil í undankeppni stórmóts í fyrsta sinn.

1. A-landslið karla, *knattspyrna* .. 135
2. Þór/KA, *knattspyrna* 27
3. Valur, *handbolti* 22

Þjálfari ársins

Heimir Hallgrímsson hlaut einnig fullt hús stiga í kjörinu og er því þjálfari ársins í annað sinn. Undir stjórn Heimis náði karlalandsliðið í knattspyrnu sögulegum árangri og mun hann stýra því á HM í Rússlandi næsta sumar.

1. Heimir Hallgrímsson, *knattspyrna* 135
2. Þórir Hergeirsson, *handbolti* 63
3. Elísabet Gunnarsdóttir, *knattspyrna* 12

ÁRAMÓTASPRENGJA!

30% afsláttur af sportfatnaði og sportskóm á alla fjölskylduna, kulda- og skíðafatnaði, útivistarfatnaði, sportaukahlutum og sundfatnaði.

Tilboð gildir dagana 27.-31. desember

30%*







ÁRNASYNIR

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

INNLENDUR ANNÁLL 2017

Síðastliðinn vetur bárust þau tíðindi að KA vildi slíta samstarfi við Þór um sameiginlegt kvennalið félaganna. Hætt var við allt saman og endaði liðið sem Íslandsmeistari eftir frábært sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR TRYGGVASON

Strákarnir okkar komust í heimsfréttir

Að baki er frábært íþróttaár 2017. Ísland komst í heimsfréttirnar þegar strákarnir okkar tryggðu sér farseðilinn til Rússlands á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu en þar að auki vann íþróttafólkið okkar mörg frækin afrek, innan lands sem utan.

Júlían J.K. Jóhannsson keppti í fyrsta sinn í opnum flokki á árinu og vann gull í réttstöðulyftu á HM í kraftlyftingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Aníta Hinriksdóttir vann bronsverðlaun á EM innanhúss í Belgrad. Hún bætti einnig Íslandsmet sitt í 800 metra hlaupi á Demantamóti á Bislett í Ósló. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Körfuknattleikslið KR varð Íslandsmeistari karla í fjórða sinn á jafn mörgum árum. Liðið varð einnig bikarmeistari í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Ísland keppti á sínu öðru Evrópumeistaramóti í körfubolta, í þetta sinn í Helsinki í Finnlandi. Liðið fékk gríðarlegan stuðning fjölda Íslendinga sem lögðu leið sína til Finnlands en tapaði öllum sínum leikjum í riðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gylfi Þór Sigurðsson komst í hóp dýrustu leikmanna knattspyrnusögunnar þegar hann var seldur til Everton fyrir 45 milljónir punda. Af Norðurlandabúum hefur aðeins Zlatan Ibrahimovic verið seldur fyrir hærri upphæð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Valur hafnaði í aðeins sjöunda sæti í deildarkeppninni en gerði sér lítið fyrir og varð bæði Íslands- og bikarmeistari í vor. Þá komst liðið líka í undanúrslit Áskorendakeppni Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Árið 2017 var langbesta ár íslenskra kylfinga frá upphafi. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir keppti á LPGA-mótinu og Valdís Þóra Jónsdóttir á Evrópumótaröðinni. Báðar urðu fyrstar íslenskra kylfinga til að keppa á stórmótum í íþróttinni – Ólafía á þremur risamótum og Valdís á Opna bandaríska. Báðar endurnýjuðu þátttökurétt sinn á mótaröðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY/ANDRI MARINÓ

Það skiptast á skin og skúrir hjá kvennalandsliðinu. Eftir vonbrigði á EM í Hollandi, þar sem stelpurnar töpuðu öllum sínum leikjum, unnu þær ógnarsterkt lið Þýskalands ytra í undankeppni HM 2019. NORDICPHOTOS/GETTY

Ungt lið Keflavíkur varð tvöfaldur meistari í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Ísland varð fámennasta þjóð heims til að koma liði í lokakeppni HM í knattspyrnu. Það tókst strákunum okkar með því að vinna sinn riðil í undankeppninni en farseðillinn til Rússlands var tryggður með 2-0 sigri á Kósóvó á Laugardalsvelli þann 9. október. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 29. DESEMBER 2017

Ísland kom með jólin til mín

Ruth Reginalds segir erfitt og gaman að hafa orðið fræg sem barn. Hún leggst stundum í rúmið af heimþrá til Íslands. →2

Ruth Reginalds ber nú eftirnafn eiginmanns síns, Moore, og býr í bænum Vista í Kaliforníu. „Í gegnum tíðina hefur fólk velt því fyrir sér hvers vegna ég heiti Ruth með h-i, en það er vegna ensk-grísks uppruna míns því pabbi er hálfur Englendingur og hálfur Grikki.“ MYND/ANTON BRINK

Lára Kristjánsdóttir og Hrafnkell Ingi Gissurarson leggja áherslu á ferskt hráefni í áramótakokteilana. →4

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Ég hef oft lagst í rúmið vegna heimþrár og þjáist iðulega af miklum söknuði. Maður fer á mis við margt við að flytja langt í burtu frá sínum nánustu og ég vildi sannarlega geta skipt mér í tvennt," segir Ruth sem er stödd heima í jólafríi eftir sjö ára fjarveru frá fósturjörðinni.

„Ó, það er yndislegt að koma heim. Úr skógareldunum í snjóinn. Að labba Laugaveginn á Þorláksmessu var draumi líkast og að vakna á aðfangadag í nýfallinni mjöll. Dóttir mín, sem ekki hafði séð snjó síðan á öðru árinu, tók andköf af gleði og vildi miklu frekar fara út að leika sér en að halda jól," segir Ruth og hlær.

„Mér hefur alltaf reynst erfitt að vera fjarri heimahögunum um jól. Ég er fædd og uppalin á Íslandi og venst því aldrei að sjá pálmatré um allt, þótt ekki vanti jólaskrautið í henni Ameríku. Því andaði ég léttar, að komast heim í frost og snjó, og helst vildi ég geta keyrt hringinn í vetrardýrðinni."

Börn eru börnum verst

Ruth var sjö ára þegar hún fór á 17. júní-skemmtun í heimabænum Keflavík.

„Þar voru Maggi Kjartans og Júdas að spila niðri í bæ og við vinkonurnar vildum fá að syngja lag. Þegar til kastanna kom þorðu þær ekki á sviðið svo ég endaði þar með Gvendi Þribba sem var þekktur Keflvíkingur sem gekk um með kaskeiti og munnhörpu og var kallaður Þribbi því hann var þríburi. Um svipað leyti var leitað logandi ljósi að barni til að leika í Róberti bangsa og mér var umsvifalaust kippt þar inn og þannig byrjaði ballið," rifjar Ruth upp hvernig það kom til að hún varð skær barnastjarna á áttunda áratugnum.

„Ég held að flestir viti að það er ekki auðvelt að verða frægur mjög ungur, en það er líka gaman. Í dag getur hver sem er orðið stjarna á samfélagsmiðlum og mörg börn freista þess að komast í sviðsljósið. Að verða barnastjarna krefst hins vegar góðs stuðnings fjölskyldunnar því ellegar getur maður týnst í öllum hasarnum," segir Ruth sem var feimin út á við sem frægt barn og leið best innilokaðri í hljóðveri með heyrnartólin á sér.

„Börn eru börnum verst þegar kemur að stríðni og ekki allir sem þola einelti. Mér var vissulega strítt en á sama tíma sóttust margir eftir því að verða vinir mínir. Margir sem voru mér samferða í barnaskóla hafa á fullorðinsárum beðist fyrirgefningar á framkomu sinni og áttað sig á því að þeim leið sennilega verr en mér, því börn skilja ekki fyrr en eftir á hvað þetta var rosalegt. Tónlistin hefur hins vegar alltaf verið mín tjáningaraðferð og trúin hefur hjálpað mér á þeirri vegferð."

Ruth með Joseph Moore, dætrunum Kieu Jamaya R. Moore og Glódísi Töru Fannarsdóttur, og Andra Pétri Alexsyni, öðrum sona Glódísar. MYND/ANTON BRINK

Hlustar ekki á kjaftasögur

Ruth var óvænt skotin ástarörvum Amors þegar hún heimsótti systur sína, Steinunni Hildi Trusdale, í Kaliforníu árið 2005.

„Þá bjó núverandi eiginmaður minn, Joseph, ofar í götunni og gafst ekki upp við að reyna að kynnast mér. Atburðarásin varð öll mjög óvænt en við höfum verið límd saman síðan," segir Ruth en saman eiga þau Joseph dótturina Kieu sem fæddist þeim 2007.

Systir Ruthar býr enn vestra. Hún er fyrsta íslenska konan til að gegna herþjónustu fyrir Bandaríkjaher og tók þátt í Íraksstríðinu þar sem hún varð fyrir sprengju.

„Steinunn fór tvær ferðir sem hermaður til Íraks og fékk Purpurahjartað (e. Purple Heart medal) fyrir fórn sína í stríðinu. Hún missti heyrn og meiddist í baki ásamt því að þjást af áfallastreituröskun eftir sprenginguna. Bandaríkjaher er með sjóð fyrir slasaða hermenn og fær Steinunn lífeyri frá hernum samkvæmt því," útskýrir Ruth.

Móðir Ruthar, listakonan Ríkey Ingimundardóttir, bjó um tíma vestra og gætti barna Steinunnar.

„Mamma er flutt aftur heim til Íslands og hefur það gott, enda vill hún hvergi annars staðar vera," segir Ruth, sæl að vera heima.

„Ég gæti vel hugsað mér að flytja heim á ný. Áður tók ég kjaftasögur nærri mér en ég nenni því ekki lengur. Það stoppar mig í að flytja heim að maðurinn minn þolir illa veðurfarið. Hann keppti áður í glímu, brotnaði illa og þurfti gervilið í mjöðm sem veldur honum vanlíðan í kulda. Hann er líka alls staðar stoppaður á flugvöllum og lendir í málmleit vegna liðarins," segir Ruth og kímir.

„Annars elskar Joseph Ísland og einkum íslensk jól og áramót því á gamlárskvöld má ekkert sprengja í Ameríku. Í staðinn fer maður á flugeldasýningar sem eru hálfgert prump miðað við hér heima. Ég get ekki beðið eftir að sjá Kieu upplifa íslenskt gamlárskvöld og vonast til að hún sjái norðurljósin líka."

Má ekkert aumt sjá

Eftir sjö ára útivist finnur Ruth stóran mun á íslensku þjóðfélagi.

„Mér finnst margt hafa breyst og ég sem þóttist nú rata upp í Breiðholt endaði í Smáralind! Mér blöskrar líka dýrtíðin og verðmunur á nauðsynjavörum er svakalegur. Það var reyndar ódýrt að fljúga heim með WOW en mikið rosalega er dýrt að kaupa sér sjampó hér heima og smá ostbiti kostar 2.000 kall! Það skýtur skökku við að geta flogið heim frá Ameríku en ekki með góðu móti þvegið sér um hárið!" segir Ruth og skellir upp úr.

Ruth býr með fjölskyldu sinni í bænum Vista í Kaliforníu, mitt á milli Los Angeles og San Diego.

„Vista er paradís. Þar er frábært loftslag og mikil gróðursæld, sem er líka hættuleg vegna skógarelda. Við búum skammt frá Carlsbad-ströndinni og Oceanside og líf mitt er ósköp venjulegt. Ég er nú heimavinnandi húsmóðir því ég slasaðist á hendi en lengst af hef ég unnið við umönnun aldraðra og þar er ég í essinu mínu," segir Ruth sem tekur brátt aftur til starfa með öldruðum en Joseph starfar sem umsjónarmaður í Carlsbad by the Sea og sér um innanhússsmíðar.

„Ég hugsaði lengi um Tommy, gamlan mann með elliglöp, sem nú er látinn. Ég má ekkert aumt sjá og finnst hræðilegt þegar farið er illa með eldri borgara. Tommy var yndislegur og hélt að ég væri konan sín. Alltaf þegar ég sagði: „Jæja, Tommy minn. Það er kominn háttatími," svaraði hann: „Já, elskan mín. Ertu að koma upp í?"," segir Ruth og hlær dátt að hlýlegri minningunni.

Hún segir engan stað öruggan í Ameríku.

„Börn fara aldrei út að leika sér ein síns liðs og það er mikið um barnsrán vestra. Ég tek því enga sénsa og mundi ekki lifa það af ef eitthvað slæmt kæmi fyrir dóttur mína. Hún er því í menningarsjokki að vera komin til Íslands og mega fara ein út að leika sér í snjónum. Þvílík forréttindi!" segir Ruth um sitt fagra föðurland.

„Maður skilur það ekki fyrr en maður er fluttur annað hvað Ísland er dásamlegt. Ég sakna Íslands alveg hryllilega og þess að geta drukkið vatn úr krananum sem maður tók sem sjálfsögðum hlut en er ekki möguleiki úti. Dóttir mín hélt að ég væri að eitra fyrir sér þegar ég sagði að hún mætti drekka kranavatnið þegar hún tannburstaði sig!"

Stolt af Glódísi Töru

Ruth á fjórar dætur, eina fósturdóttur og fjögur barnabörn. Glódís Tara, dóttir Ruthar, er ein þeirra sem kærðu lögmanninn Robert Downey fyrir kynferðisbrot.

„Ég get ekki einu sinni byrjað að tala um það án þess að reiðin ólgi innan í mér," segir Ruth. „Ég er ofboðslega stolt af Glódísi og hinum stelpunum að hafa staðið upp og sagt frá. Því ef konur sitja heima og þegja komast níðingarnir upp með glæpinn. Sem betur fer bítur sök sekan og Robert Downey ætti ekki að ganga laus."

Ruth er kristin og sækir kirkju baptista í Vista. „Ég hef trúað á Guð síðan ég var lítið barn og á mitt sterka, persónulega samband við Guð. Bandaríkjamenn eru lifandi í trú sinni og kirkjan eins og fjölskylda manns. Ég finn mikinn styrk í trúnni, ekki síst þegar ég bý svo langt frá öllum sem ég elska."

Ekki farið í andlitslyftingu

Ruth vekur eftirtekt fyrir glæsileik, ljósan makka og flott líkamsform.

„Ég hef ekki farið í andlitslyftingu," segir Ruth og hlær, „en ég geng alltaf fimm mílur á stigvél á morgnana. Ég spái lítið í mataræðið en er svona títla að eðlisfari. Úti er allt afslappaðra og ég fer í náttfötunum í 7-11 að ná mér í kaffi á morgnana. Þetta er öðruvísi en hér heima þar sem allir hafa sig til því þeir eiga von á að rekast á einhvern sem þeir þekkja."

Í bíl frá Leifsstöð heyrði Ruth gamalkunna rödd ærsku sinnar syngja „Jólasveinninn kemur í kvöld" og svo beint á eftir jólalagið „Þú komst með jólin til mín".

„Mér hlýnaði um hjartarætur. Það er sætt að fólk nenni enn að hlusta á gömlu jólalögin mín og þá veit ég að ég hef skilið eitthvað eftir mig," segir Ruth brosmild.

„Ég verð alltaf Íslendingur í húð og hár; alin upp í snjó. Ég bið fyrir hjartans kveðju til allra sem ég þekki og lofa að koma fljótt aftur til að hitta þá vini mína sem ég næ ekki að hitta á þessum stutta tíma yfir hátíðarnar. Ég sendi líka landsmönnum öllum heillaóskir um gæfu og gleði á nýja árinu."

HEILL HEIMUR
ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Nánari upplýsingar í síma 1817

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is | 365

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

Gleðilegt nýtt ár !

Óskum landsmönnum öllum farsældar á nýju ári og þökkum samskiptin á árinu sem er að líða

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Flugeldar bragðlaukanna

Lára Kristjánsdóttir og Hrafnkell Ingi Gissurarson standa kokteilavaktina á veitingastaðnum Nostra í Kjörgarði. Þau leggja mikla áherslu á ferskt hráefni í kokteilana og gera sitt eigið síróp.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is

Blueberry Elderflower (óáfengur)

Fersk bláber
30 ml plómu- og hibiscussíróp
20 ml sítrónugras- og appelsínusíróp
20 ml ferskur sítrónusafi
Toppað með elderflower (ylliberja) tónik

Kælið glas með klaka. Merjið bláber varlega í botn á kokteilhristara, sírópum og sítrónusafa bætt út í og hrist. Því næst er kokteilnum hellt í gegnum fínt sigti yfir klakann og toppað með ylliberjatónik.
Skreyting: Blóm og bláber.

Sítrónugras- og appelsínusíróp

15-20 gr sítrónugras
250 ml vatn
200 gr sykur
Börkur af einni appelsínu

Sítrónugras skorið endilangt, börkur flysjaður af appelsínu og sett í pott ásamt sykri og vatni.
Leyfið suðu að koma upp og látið malla í pottinum í u.þ.b. hálftíma. Látið sírópið kólna í potti áður en það er sigtað. Geymist best í krukku eða vel lokuðu íláti.

Plómu- og hibiscussíróp

200 g plómur
10 g hibiscus
250 g sykur
350 ml vatn

Plómur skornar í tvennt og steinn fjarlægður, allt sett saman í pott. Leyfið suðu að koma upp og látið malla í pottinum í u.þ.b. hálftíma. Látið sírópið kólna í potti áður en það er sigtað. Geymist best í krukku eða vel lokuðu íláti.

Citrus Julep

Mynta og begóníublóm
50 ml Diplomatica reserva exclusiva romm
30 ml grænepla- og engifersíróp
20 ml limesafi
Fee Brothers Cranberry Bitter (trönuberjabitter)

Mynta og begónía varlega marin í botninn á julep-glasi, rommi, sírópi og limesafa bætt út í ásamt klaka og hrært vel. Muldum klaka bætt ofan á drykk og trönuberjabitter að lokum.
Skreyting: Myntutoppur eða þurrkaðar eplaskífur.

Kokteilameistararnir Lára Kristjánsdóttir og Hrafnkell Ingi Gissurarson á Nostra kunna sannarlega til verka. MYND/EYÞÓR

Grænepla- og engifersíróp

1 grænt epli
15 g engifer
200 g sykur
250 ml vatn

Epli kjarnhreinsað og skorið í þunnar sneiðar, engifer afhýddur og þunnt skorinn. Epli og engifer sett ásamt sykri og vatni í pott og leyft að sjóða. Látið malla í u.þ.b. 20 mínútur og síðan kólna í potti.

A Beast and a Crow

30 ml Elephant London Dry Gin
30 ml Crowberry líkjör
30 ml bláberja- og rósmarín síróp
30 ml eggjahvíta
15 ml sítrónusafi
2 dash Fee Brothers Gin barrel aged orange bitter

Byrjið á að kæla glas með klaka. Öll hráefni sett í kokteilhristara ásamt klaka og hrist. Klaki fjarlægður úr kokteilhristara og hrist aftur. Klaki fjarlægður úr glasi og kokteill sigtaður í gegnum fínt sigti í glasið. Skreytt með blómum.

Bláberja- og rósmarínsíróp

200 g frosin bláber
350 g sykur
500 ml vatn
12-15 g rósmarín

Setjið allt saman í pott og leyfið suðu að koma upp, látið malla í u.þ.b. hálftíma. Leyfið sírópinu að kólna í potti áður en það er sigtað. Geymist best í krukku eða vel lokuðu íláti.

Kind of Spritz bolla

500 ml Birkir
500 ml Aperol
350 ml myntusíróp
30 ml trönuberjabitter
1 flaska kampavín/freyðivín (Brut)
50 g vínber
2-3 appelsínur
2 epli
3 kanilstangir
2 múskathnetur (skornar í tvennt)
Svört piparkorn

Ávextir skornir í þunnar sneiðar og öllu nema kampavíni blandað saman í stóra könnu. Gott er að leyfa blöndunni að standa í u.þ.b. klukkustund áður en kampavíninu er bætt út í.

Bætiefni fyrir allar árstíðir

Gula miðann þekkja flestir enda hefur hann verið á markaðnum í meira en aldarfjórðung. Í línunni má finna fjölbreytta flóru bætiefna fyrir alla fjölskylduna sem eru sniðin að íslenskum aðstæðum.

Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti hjá Heilsu, segir að í Gula miðanum sé boðið upp á flestar vinsælustu tegundir af vítamínum og almennum bætiefnablöndum sem fólk notar á lífsleiðinni. Einnig sé mikið af sérhæfðum blöndum í boði sem hafi það markmið að stuðla að bættri heilsu. „Guli miðinn hefur fylgt Íslendingum í meira en 25 ár og flestir þekkja hann. Bætiefnin hafa þróast með árunum og reglulega koma nýjungar og endurbætur," segir Ösp. „Öll bætiefni frá Gula miðanum eru gæðavottuð og við erum stolt af því að bjóða Gula miðann í glerglösum frekar en plasti og minnka með því plastsporið okkar."

Gott á þessum árstíma

„Allir ættu að passa að fá nóg D-vítamín. Sérstaklega nú í mesta skammdeginu," segir Ösp. „D-vítamín Gula miðans er í lífrænum ólífuolíugrunni í gelhylkjum sem er auðvelt að gleypa. Vegna þess að D-vítamín er fituleysanlegt nýtist það líkamanum betur þegar það er blandað olíu og allra best ef það er tekið með mat.

Arctic rót eða burnirótin er alltaf mjög vinsæl á þessum árstíma," segir Ösp. „Hún virðist hjálpa mörgum í gegnum álagstíma og skammdegið, enda er mikið af rannsóknum á bak við þessa jurt sem sýna fram á virkni hennar við að efla orku og draga úr áhrifum streitu.

Yfir vetrartímann vill hárið oft verða hálf þreytt og líflaust og neglur eiga það til að klofna. Hárkúrinn þykir draga verulega úr hárlosi og gera neglur sterkari," segir Ösp. „Þetta er öflug blanda vítamína, steinefna og amínósýra sem er sívinsæl enda finna flestir mikinn mun.

Liðaktín, liðabætiefnið okkar, hefur alltaf verið ein af okkar vinsælustu blöndum," segir Ösp. „Margir hafa notað það árum saman og vilja ekki án þess vera. Fólk finnur fyrir auknum liðleika, minni verkjum og meira álagsþoli. Oft þarf að taka Liðaktín í nokkrar vikur áður en virkni kemur að fullu fram, því næringarefni berast fremur hægt til liðanna."

Arctic Root dregur úr áhrifum streitu. MYND/HEILSA

Hárkúrinn er sívinsæll. MYND/HEILSA

D-vítamín er sérlega mikilvægt í skammdeginu.

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að bætiefni Gula miðans séu í stöðugri þróun. MYND/EYÞÓR

Heimsfræga

ÁRAMÓTA ÚTSALAN

hefst í dag

OPIÐ Í DAG 12:00-18:00

Veiðimaðurinn

1940

KRÓKHÁLSI 4 • 110 REYKJAVÍK • S: 517 8050

Mikilvægt er að kisur fái tækifæri til að leita skjóls á öruggum stað á meðan sprengjuregnið dynur yfir.

Gæludýrin um áramót

Sprengingar og ljósleiftur virðast gleðja flest mannfólk um áramótin en dýr eins og hundar, hestar og kettir upplifa oft mikla vanlíðan og skelfingu þegar flugeldar eru annars vegar. Dæmi eru um að hundar sleppi og hlaupi fyrir bíla og hestar hafa fælst við flugelda, brotist út úr girðingum og hlaupið til fjalla eða í veg fyrir bílaumferð og valdið slysum á sjálfum sér og öðrum. Kettir geta upplifað slíka ofsahræðslu að langan tíma tekur að vinna traust þeirra aftur. Það er því mikilvægt að dýraeigendur séu meðvitaðir og grípi til ráðstafana.

Hesta ætti helst að setja inn í hús ef það er hægt en annars halda þeim á kunnuglegum slóðum. Hestum sem komnir eru á gjöf í hesthúsum skal gefið vel, hafa ljósin kveikt og útvarp í gangi. Eigendur ættu helst að fylgjast með hestunum ef því er komið við, eða allavega vitja þeirra sem fyrst eftir lætin.

Í þéttbýli er best er að halda köttum alveg inni dagana í kringum áramót og hafa hunda alltaf í taumi þegar þeim er hleypt út, þó það sé bara út í garð. Bæði kettir og hundar þurfa að hafa greiðan aðgang að góðu skjóli eða „leynistað“ innanhúss þar sem þeir finna til öryggis. Þar er gott að byrgja glugga og vera með talmálsútvarp í gangi, rólegar mannaraddir vekja öryggistilfinningu hjá dýrum.

Hunda er best að viðra vel árla dags í birtu svo þeir verði þreyttir um kvöldið og ef þeir eru mjög hræddir þá gjarna viðra fyrir utan bæinn. Að kvöldi er góð hugmynd að viðra stutt meðan skaupið er sýnt, þá er yfirleitt afar rólegt. Hunda skyldi alls ekki fara með á brennur eða út að skjóta upp flugeldum.

Dýr sem sýna mikla hræðslu ber ekki að skilja eftir ein. Misjafnt er hvort hrædd gæludýr vilja félagsskap eigandans eða hvort þau vilja skríða í felur. Allra mikilvægast er að dýrin sleppi ekki út.

Gott er að tala rólega en glaðlega við dýrin, til að sannfæra þau um að heimurinn sé ekki að farast. Jafnvel er hægt að gefa þeim smá dýranammi meðan eða strax á eftir hvelli, svo þau tengi þessi læti einhverju jákvæðu. Strokur og snerting eiganda róa einnig flest dýr og veita þeim styrk.

Hægt er að fá lyfseðil fyrir kvíðadempandi lyf og þá er mikilvægt að byrja ekki meðhöndlun of seint þegar dýrið er komið í hræðslukast, en þá er virknin mun takmarkaðri. Varað er við að gefa dýrum nokkur lyf nema í samráði við dýralækni.

Ungum dýrum sem eru að upplifa sín fyrstu áramót þarf að sýna sérstaka aðgát.

Einnig fæst hjá mörgum dýralæknum róandi lykt ýmist í hálsbandi, eða til að setja í innstungu og er gott að setja slíkt upp ekki seinna en 2 vikum fyrir áramót.

Allra mikilvægast er alltaf að dýrin séu í öruggu umhverfi og njóti stuðnings eigenda sinna.

Byggt á texta af vef Matvælastofnunar, mast.is.

Beikonvafið rósakál með steikinni

Rósakál er frábært meðlæti með ýmsu kjöti og hægt að elda á ótal vegu. Sjálfsagt muna flestir eftir soðnu rósakáli úr æsku sinni sem mörgum finnst hæfilega spennandi meðlæti. Hér er uppskrift að einföldu en um leið afar gómsætu meðlæti þar sem beikon leikur stórt hlutverk. Þetta meðlæti hentar sérstaklega vel með reyktu svínakjöti en raunar með flestu kjöti sem boðið er upp á síðasta kvöld ársins.

24 rósakálshnúðar
Gróft salt
12 beikonsneiðar
¼ bolli hlynsíróp
2 msk. púðursykur
Cayenne-piparduft, á hnífsoddi

Hitið ofninn í 200 gráður og þekið bökunarplötu með álpappír. Skerið endana af rósakálinu og fjarlægið ystu blöðin ef þarf. Blandið saman í skál hlynsírópinu, púðursykrinum og cayenne-piparnum. Skerið beikonsneiðarnar til helminga og smyrjið blöndunni á aðra hlið beikonsneiðanna. Vefjið einum beikonhelmingi utan um hvern rósakálshnúð þannig að smurða hliðin snúi að kálinu og setjið á plötuna. Smyrjið aftur yfir með blöndunni. Bakið þar til beikon er orðið stökkt og rósakálið steikt í gegn en það tekur um 20 mínútur. Berið fram heitt.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA

NÝR BÍLL. TILBOÐ KR. 3.490.000.-

ÁSETT VERÐ 3.890.000KR. 400.000.- AFSLÁTTUR

SSANGYONG Tivoli dlx 4x4. 7" skjár og bakkmyndavél. Sjálfskiptur. 6 gírar. 16" felgur og dekk. Rnr.104955

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

bilfang.is
S. 567 2000

EINN SÁ FLOTTASTI

MERCEDES-BENZ S 550 l. Árgerð 2007, ekinn aðeins 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.192003. Einn eigandi

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

Bílar til sölu

Til sölu, Nissa Primera Station 1993, ekin.387.000, diesel, beinskiptur, hvítur, Webasto olíumiðstöð. Sumar og Nagladekk á felgum fylgja. Verð:180.000. S:862-3950

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef hall kinda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Glæsilegur VOLVO V60 d6 Summum plug in hybrid diesel stærri vélin.

Árgerð 2017, ekinn 18þ, sjálfskiptur. Leður, bakkmyndavél, vetrarpakki, gps, hiti í stýri, hiti í sætum, akreinarvari nálgunarvari, vélarhitari, mjög vel búinn bíll.
Rnr. 104385

BRAUT BÍLASALA

Bíldshöfða 3 • 110 RVK S. 587 6600 • www.bilabraut.is

GLAMOUR.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

3-4ja herbergja Íbúð við Sogaveg (ofan við Skeifu), alls 100m2 ásamt sólpalli og garði, strætó fyrir utan. Laust frá 1.03.2017. Uppl. í s. 8601404

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

VITABAR - KVÖLD OG HELGARVINNA
Starfsfólk vantar á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
Umsóknir sendist á vitabar@internet.is

Albertsson ehf. cleaning firm is now hiring. We are looking for people that are 20 years +. The job is part time. If you are interested please send an email to albertsson@albertsson.is

Skemmtanir

HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

Laugardaginn 30. des
14:50 Liverpool - Leicester
17:20 Man. United - Southampton

Mánudaginn 1. jan (opið 14-20)
14:50 Burnley - Liverpool
17:20 Everton - Man. United

HLJÓMSVEITIN KLETTAR
Rúnar Þór, Björgvin Gísla, Örn Jóns og Rúnar Vilbergs.

spila um helgina frá 00:00 - 03:00

Gullnáman

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar



Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

ÓDÝRARI FLUGELDAR

Brot af því besta sem þú finnur hjá okkur

36 skot
4.900

39 skot
5.900

30 skot
6.900

49 skot
9.900

49 skot
9.900

168 skot
13.900

171 skot
Tertupakkinn
13.900

576 skot
RISA Tertupakkinn
39.900

10 stk
3.900

27 stk
8.900

XL
1.900

3”
2.300

XXL
3.900

XL
Fjölskyldupakkinn
3 tertur
Rakettur
Allskonar smádót
11.900

FLUGELDASALAN
PÚÐURKERLINGIN

Skógarlind 1
KÓPAVOGI
Beint á móti ELKO og Krónunni

Opnunartímar
28. des - 10-22
29. des - 10-22
30. des - 10-22
31. des - 10-16

Sjá nánar á
pudurkerlingin.is

ERLENDUR ANNÁLL 2017

Kevin Durant fór til Golden State Warriors og varð meistari er liðið skellti Cleveland, 4-1. Þetta var þriðja árið í röð sem þessi félög bítast um titilinn. Durant var valinn besti leikmaður úrslitanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Usain Bolt kvaddi stóra sviðið á árinu

Íþróttaárið 2017 var stórt. Ronaldo var kóngurinn í boltanum og Neymar sá dýrasti. Serena skráði sig á spjöld sögunnar og einn ótrúlegasti leikur íþróttasögunnar var Super Bowl þetta árið.

Brasilíumaðurinn Neymar varð dýrasti knattspyrnumaður allra tíma er PSG greiddi Barcelona 222 milljónir evra fyrir leikmanninn. Það var því söguleg stund er hann var kynntur til leiks hjá félaginu.

Real Madrid vann úrslitaleik Meistaradeildarinnar gegn Juventus 4-1 en leikurinn fór fram í Cardiff í Wales. Félagið vann alls fimm titla á mögnuðu ári. Ronaldo skoraði tvö mörk í úrslitaleiknum og var valinn besti knattspyrnumaður heims í fimmta sinn í lok ársins.

Chelsea varð enskur meistari með stæl síðasta vor og einn dyggasti þjónn félagsins frá upphafi, John Terry, lét það verða sitt síðasta verk hjá félaginu að lyfta bikarnum stóra.

Einn ástsælasti kylfingur heims, Sergio Garcia, náði loksins að vinna risamót er hann stóð uppi sem sigurvegari á Masters. Hann vann Jordan Spieth í umspili og það var góð tilfinning að fara í græna jakkann.



Serena Williams náði sögulegum áfanga er hún vann opna ástralska mótið í janúar. Það var 23. risatitill hennar og með þessum sigri tók hún fram úr Steffi Graf sem sigursælasta tenniskona allra tíma. Það sem gerði sigurinn enn merkilegri var sú staðreynd að hún var komin tvo mánuði á leið er hún vann mótið.

Árið var slæmt framan af hjá Tiger Woods en hann komst í kast við lögin er hann keyrði undir áhrifum lyfja. Hann endaði árið þó á jákvæðum nótum með frábærri spilamennsku í enn einni endurkomunni. Útlitið er aldrei þessu vant bjart hjá honum í kringum áramót.

New England Patriots varð NFL-meistari er liðið lagði Atlanta Falcons, 34-28, í framlengdum Super Bowl-leik. Þetta var einn magnaðasti íþróttaleikur allra tíma enda var Patriots undir, 28-3, en náði samt að koma til baka og vinna.

Fljótasti maður allra tíma, Usain Bolt, lagði hlaupaskóna á hilluna. Glæsilegur ferill fékk leiðinlegan endi er hann nældi aðeins í brons í 100 metra hlaupinu á HM. Svindlarinn Justin Gatlin tók gullið. Bolt tognaði svo í lokahlaupi ferilsins í 4x100 metra hlaupi.

Stærsti bardagi ársins var boxbardagi MMA-kappans Conors McGregor og boxarans Floyds Mayweather. Conor varð að játa sig sigraðan í tíundu lotu. Þessi bardagi var umdeild uppákoma en heimurinn fylgdist með og gerði þá báða mjög ríka.

ALLT FYRIR ÁRAMÓTAVEISLUNA

DANSKAR NAUTALUNDIR
3999 KR. KG.

KOKKARNIR KALKÚNAFYLLING
999 KR. STK.

ÍSFUGL KALKÚNASKIP
FERSKT MEÐ FRÖNSKUM KRYDDJURTUM
3199 KR. KG.

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA
FERSK MEÐ DÖÐLUFYLLINGU
3699 KR. KG.

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA
FERSK
3.599 KR. KG.

ÍSLENSKUR KALKÚNN
FRÁ REYKJABÚINU
1899 KR. KG.

FJALLALAMB HRYGGUR
1999 KR. KG.

FJALLALAMB LAMBALÆRI
999 KR. KG.

KEA LAMBA HAMBORGAR-HRYGGUR
2199 KR. KG.

ANDABRINGUR
FROSNAR
2999 KR. KG.

MATFUGL VEISLUFUGL
FERSKUR
1199 KR. KG.

OPIÐ 24 TÍMA

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG.
BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. DESEMBER 2017 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

2006 Styrkjamálið: FL Group styrkir Sjálfstæðisflokkinn um 30 milljónir tveimur dögum áður en ný lög um styrki til stjórnmálaflokka ganga í gildi.

2006 Íslenska kvikmyndin Köld slóð er frumsýnd.

2011 Eyríkin Samóa og Tókelá færa sig vestur yfir daglínuna og sleppa úr einum degi (30. desember), til að flytjast yfir á tímabelti sem hentar viðskiptahagsmunum eyjaskeggja betur.

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Gísli Sævarr Guðmundsson

frá Gröf í Þorskafirði, Hæðargarði 35, Reykjavík,

lést þann 18. desember. Útförin fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 3. janúar klukkan 15.

Anna Steinbjörnsdóttir
Guðrún Alda Gísladóttir **Uggi Ævarsson**
og börn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

Jóns A. Hassing

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Kópavogi fyrir góða og hlýlega umönnun.

Valgerður B. Hassing
Guðbjörg Hassing **Olgeir Karlsson**
Kristín Anna Hassing
Linda Björk Hassing **Ann-Sofie Axelsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Úlfhildur Hermannsdóttir

Hömrum, Mosfellsbæ,

lést þann 26. desember. Úförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

Þóranna Halldórsdóttir **Magnús H. Sólmundsson**
Lárus Halldórsson **Anna Þóra Stefánsdóttir**
og fjölskyldur.

†

Við þökkum samúð og hlýhug við fráfall og útför

Jóns Hjaltasonar

hæstaréttarlögmanns, Vestmannaeyjum.

Steinunn Sigurðardóttir,
Þorleifur Jónsson **Halldóra Andrésdóttir,**
Ómar Arnarson
Guðbjörg Ósk Jónsdóttir **Hermann Einarsson**
Anna Lilja Jónsdóttir **Brynjólfur Garðarsson**
Þorbergur Hjalti Jónsson **Helga Skúladóttir**
og fjölskyldur.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ester Gísladóttir

Aflagranda 40 (áður Granaskjóli 42),

lést föstudaginn 22. desember. Útförin verður auglýst síðar.

Gísli Valtýsson
Guðmundur H. Valtýsson **Jónína Jóhannsdóttir**
Hörður Már Valtýsson **Helga Hrönn Hilmarsdóttir**
Edda Valtýsdóttir **Kjartan Tumi Biering**
barnabörn og langömmubörn.

Elja við æfingar í nýuppgerðum kartöflugeymslunum.

Kynslóð lætur í sér heyra

Hin nýstofnaða kammersveit Elja spilar á sínum fyrstu tónleikum í kvöld. Meðlimir sveitarinnar eiga það sameiginlegt að vera af sömu kynslóð tónlistarfólks.

Þetta er nýstofnuð kammersveit, við köllum okkur Elju. Við erum öll af sömu kynslóð, erum annaðhvort í námi erlendis eða höfum nýlokið námi. Okkur fannst vera tími til kominn að okkar kynslóð léti í sér heyra. Við höfum verið með þetta í bígerð í svona tvö ár, en erum nú loksins að fara að halda okkar fyrstu tónleika," segir Björg Brjánsdóttir, meðlimur hinnar glænýju sveitar Elju sem mun kveðja sér hljóðs í fyrsta sinn í kvöld. Bjarni Frímann Bjarnason er stjórnandi sveitarinnar og einn stofnenda en hann var nýlega ráðinn hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikarnir fara fram í gömlu kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku en rýmið er verið að gera upp og því verður breytt í hönnunar- og listamiðstöð sem verður opnuð í vor.

> **Okkur fannst vera tími til kominn að okkar kynslóð léti í sér heyra.**

„Það er svolítið skemmtilegt að vera glæný hljómsveit í glænýju rými. Og þetta er auk þess mjög falleg staðsetning þannig að við erum spennt fyrir þessu."

Hvað verður spilað í kvöld? „Við ætlum að vera með ansi breitt prógramm – allt frá Haydn, klassískri sinfóníu yfir í kvikmyndatónlist eftir Mica Levi og við verðum líka með eistneskan kvartett eftir Helenu Tulve, sem er samtímatónskáld, og svo verður mjög hress konsert fyrir kammersveit eftir Stravinskí sem er nefndur eftir Dumbarton Oaks."

Hvað er svo næst á döfinni hjá ykkur? „Við stefnum á að vera með nokkur verkefni á hverju ári. Næstu tónleikar eru strax 7. janúar – þá komum við fram sem hluti af tónleikaröðinni Velkomin heim í Hörpu. Þá verðum við með aðeins minni kammerverk. Við spilum Brandenborgarkonsert númer fimm eftir Bach, en hann var mikil inspírasjón fyrir Stravinskí í konsertinum sem við spilum á morgun, þannig að það er smá svona tenging á milli verkefna þar. Síðan verðum við með strengjakvartett eftir Báru Gísladóttur, sem er einmitt meðlimur í Elju, bassaleikari og tónskáld."

Tónleikarnir hefjast klukkan átta í gömlu kartöflugeymslunum.

stefanthor@frettabladid.is

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma, systir og mágkona,

Þórunn Ólafía Kristbjörg Sigurðardóttir

(Þóra Sigurðardóttir)

lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 27. desember sl.

Sigríður Pétursdóttir **Jónas Már Ragnarsson**
Þorgerður R. Pétursdóttir **Öyvind Glömmi**
Gísli Pétursson
Bjarni Júlíus Einarsson
Rúna Pétursdóttir **Egill Lárusson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn
Guðrún Sigurðardóttir **Bragi Guðnason**

†

Ástkær mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Hafdís J. Bridde

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 27. desember. Útförin auglýst síðar.

Andrés Þór Bridde **Anna María Hannesdóttir**
Hermann Bridde **Elín Eiríksdóttir**
Alexander Bridde **Ingibjörg Sigurðardóttir**
Þórdís Klara Bridde **Bjarni Júlíusson**
Guðni Bridde **Hrefna Björk Arnardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðný Rósa Georgsdóttir

andaðist mánudaginn 4. desember síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Grenilundi á Grenivík. Útförin fór fram í kyrrþey þann 22. desember síðastliðinn frá Höfðakapellu á Akureyri.

Aðalheiður Guðmundsdóttir **Friðbjörn B. Möller**
Alexandra Ösp Möller
Birgir Arnór Birgisson **Sigurdís Björg Jónasdóttir**
Evíta Alice Möller **Andrés Helgi Björnsson**
Björn Guðmundsson
Birna Ósk Björnsdóttir **Tony Vokey**
Linda Björg Björnsdóttir **Ísak Óli Sigurjónsson**

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Kristín Þorláksdóttir

lést miðvikudaginn 27. desember. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 5. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Gylfi Guðbjörn Guðjónsson **Þorbjörg Magnúsdóttir**
Guðjón Guðjónsson **Guðrún Soffía Pétursdóttir**
Hjálmfríður Guðjónsdóttir **Sævar Berg Ólafsson**
Bryndís Björk Guðjónsdóttir **Gunnar Þór Gunnarsson**
Anna Dröfn Guðjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR

NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

GULLÖLD SVEIFLUNNAR

7. JANÚAR KL. 20.00

STJÓRNANDI OG KYNNIR:
Sigurður Flosason

SÉRSTAKIR GESTIR:
Kristjana Stefáns
Ragnheiður Gröndal
Högni Egilsson
Friðrik Dór

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Tiltölulega róleg austlæg átt. Víða bjart veður, en eitthvað snjóar norðaustan- og austanlands. Það er kalt hjá okkur um þessar mundir og eru tveggja stafa frosttölur líklegar til að mælast áfram í flestum landshlutum.



Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-0°	-4°	-5°
← 12	↖ 8	← 4
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-3°	-3°	-7°
↙ 4	↙ 8	↑ 2

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-3°	-4°	-5°
← 6	← 8	↓ 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-3°	-4°	-8°
↓ 11	↓ 8	↙ 7

LÉTT

7		6		2				
					1		9	5
	5			3			1	
6			3	9			8	
3	4		2				6	
		2	4	6				1
9	3	5	7					
							4	3
1	2					7		

MIÐLUNGS

8			9		5			7
		4		6			5	9
	3							
	8		3				6	1
	6		5				3	
		7		1	6			
		8		3		9		
1					2	6		
5				9	7			

ÞUNG

			3					1
3	9			4	7			6
7		1		8	6	3		
	3					8		
	6	7					3	4
								2
	8	3		1			2	
		4				5	6	
	7		9	3			4	

Skák Gunnar Björnsson

Esipenko (2.438) átti leik gegn Karjakin (2.757) á Heimsmeistaramótinu í atskák í Sádi-Arabíu í fyrradag.
Hvítur á leik
22. ... Db3!! 23. bxc3 (23. axb3 Rxb3#). **23. ... Dxc3+ 24. Bb2 Bxb2+ 25. Hxb2 Dc1+ 26. Hb1 Rc2+ 27. Dxc2 Dxc2** og svartur vann skömmu síðar. Anand varð heimsmeistari í atskák. HM í hraðskák hefst í dag kl. 11.

www.skak.is: Jólaskákmót Víkingaklúbbsins í kvöld.

1	4	2	8	9	3	6	5	7
5	3	8	6	1	7	4	2	9
6	7	9	2	4	5	8	1	3
7	8	4	5	6	9	1	3	2
3	6	1	4	7	2	5	9	8
2	9	5	1	3	8	7	4	6
4	1	7	3	2	6	9	8	5
8	2	6	9	5	4	3	7	1
9	5	3	7	8	1	2	6	4

1	9	5	4	2	6	8	3	7
2	3	4	5	7	8	1	9	6
6	7	8	1	9	3	2	4	5
9	8	7	6	5	2	3	1	4
4	6	1	7	3	9	5	2	8
3	5	2	8	4	1	6	7	9
5	1	3	9	6	4	7	8	2
7	2	9	3	8	5	4	6	1
8	4	6	2	1	7	9	5	3

3	7	9	5	8	2	6	4	1
2	6	4	7	9	1	5	3	8
8	1	5	3	4	6	2	9	7
4	2	7	6	5	8	3	1	9
5	8	3	4	1	9	7	6	2
6	9	1	2	7	3	8	5	4
7	3	6	9	2	4	1	8	5
9	5	8	1	6	7	4	2	3
1	4	2	8	3	5	9	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
2. vafra
6. í röð
8. pili
9. gums
11. átt
12. gafl
14. prang
16. skóli
17. móðuþykkni
18. peningur
20. bardagi
21. velta

LÓÐRÉTT
1. samtals
3. tímabil
4. tungumál
5. angra
7. gulerta
10. samstæða
13. framkoma
15. þrátta
16. raus
19. óreiða



LÁRÉTT: 2. ráfa, 6. lm, 8. rim, 9. lap, 11. na, 12. stafn, 14. brask, 16. ma, 17. sky, 18. aur, 20. at, 21. snúa.
LÓÐRÉTT: 1. alls, 3. ár, 4. finnska, 5. ama, 7. matbaun, 10. par, 13. fas, 15. kýta, 16. mas, 19. rú.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

Völvan
Völvan spáir í árið 2018, skyldi það verða jafn æsilegt og árið sem er að líða?

Hátíðarrökstólar
Góðir gestir setjast á rökstóla og ræða um atburði ársins.

Leikhúsannáll
Leikhúsrýnir **Fréttablaðsins** gerir upp leikárið.

Áramótaheitin 2018
Að strengja áramótaheit þykir mörgum ómissandi hefð. (Hvernig skyldi landinn vilja bæta líf sitt á næsta ári?)

Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag til kl.
19:30
í öllum verslunum Bónus

NÝTT Í BÓNUS

Hágæða
ÍSLENSK
Repjuolía

598 kr. 750 ml

Sandhóll Repjuolía
Extra Virgin olía, 750 ml

KS

ÍSLENSKT
Lambakjöt

998 kr. kg

KS Lambalæri
Frosið

KJARNAFÆÐI

LAMBALÆRI
með villtum íslenskum kryddjurtum

1.359 kr. kg

Kjarnafæði Heiðalamb
Kryddað lambalæri

3.598 kr. kg

KS Lambafillet
Frosið

898 kr. 1 l

MS Rjómi
1 lítri

159 kr. 2 stk.

Hansa Útikerti
2 stk.

Ýmislegt fyrir
ÁRAMÓTAVEISLUNA

98 kr. pk.

Dream Glow

179 kr. pk.

Dream Glow

359 kr. stk.

Nýárshattur
2 teg.

Verð gildir til og með **31. desember** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Fullmeyrnað
ÍSLENSKT
Ungnautakjöt

2.998 kr. kg

Íslandsnaut Piparsteik
Ungnautasteik, fersk

4.598 kr. kg

Íslandsnaut
Ungnauta Ribeye

Fullmeyrnað
ÍSLENSKT
Ungnautakjöt

4.598 kr. kg

Íslandsnaut Fillet
Ungnautakjöt

NÝTT Í BÓNUS

Fullelduð
CONFIT
Andalæri

2.598 kr. kg

FK Andalæri "Confit"
Hægelduð

398 kr. 250 ml

Íslandsnaut Bernaissósa
250 ml

159 kr. kg

Bökunarkartöflur
Bretland, í lausu

Ferskur
VEISLUFUGL
með fyllingu

998 kr. kg

Veislufugl
Með fyllingu, ferskur

6x2L

Aðeins **150kr.** flaskan

898 kr. 6x2 l

Pepsi og Pepsi Max
Kippa, 6x2 lítrar

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Elva Ósk Ólafsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson í hlutverkum sínum í Hafinu í Þjóðleikhúsinu. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Öldurót kynslóðanna

LEIKHÚS

Hafið

★★★★☆

Ólafur Haukur Símonarson

Þjóðleikhúsið, stóra sviðið

Leikstjórn: Sigurður Sigurjónsson
Leikarar: Þröstur Leó Gunnarsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Guðrún S. Gísladóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Birgitta Birgisdóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Snorri Engilbertsson, Baltasar Breki Samper, Oddur Júlíusson og Snæfríður Ingvarsdóttir
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson
Búningar: Þórunn María Jónsdóttir
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson
Tónlist: Guðmundur Óskar Guðmundsson og fleiri
Hljóðmynd: Kristján Sigmundur Einarsson og Guðmundur Óskar Guðmundsson
Myndband: Ingi Bekk

Hafið eftir Ólaf Hauk Símonarson var frumflutt á stóra sviði Þjóðleikhússins haustið 1992, eða fyrir 25 árum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og ávallt er það krefjandi verkefni að sviðsetja íslenska nýklassík. Nú fær leikritið hátíðarsess sem jólasýning Þjóðleikhússins þar sem áhorfendur fá að fylgjast með örlögum útgerðarmannsins Þórðar og fjölskyldu hans á umbrotatímum í ónefndu sjávarplássi úti á landi.

Í stuttu máli fer verkið fram á tæpum þremur dögum og nær hápunkti í gamlárskvöldsfagnaði fjölskyldunnar. En eins og með flest góð verk þá krauma dýpri átök undir fjölskylduátökunum; hér takast á fortíð og framtíð, sjálfhverfa og samfélagsskylda, landsbyggðarhollusta og heimshornadraumar. Gerðar voru breytingar á handritinu fyrir sýninguna þar sem persónur eru skeyttar saman þannig að þeim fækkar töluvert, líkt og í bíómyndinni byggðri á leikverkinu sem kom út árið 2002. Þessar breytingar eru yfirleitt til hins betra þar sem framvindan þjappast saman og karakterar fá pláss til að þróast.

Í brúnni stendur Sigurður Sigurjónsson sem leikstýrir verkinu af styrk en jafnframt látleysi. Hér fá leikararnir að njóta sín og áhersla er lögð á að koma sögu þessarar fjölskyldu skýrt til skila. Flæðið bæði í atriðum og á milli atriða virðist áreynslulaust en slík vinnubrögð krefjast fágunar og næmni. Nánast allt gengur upp en sýningin missir kraft á ögurstundu sem gerir það að verkum að botninn dettur úr framvindunni á lokametrunum sem er synd.

Þröstur Leó Gunnarsson leikur útgerðarmanninn Þórð sem er laskaður maður, bæði að innan og utan. Hæfileikar Þrastar Leós eru ótvíræðir og rafmagnaðir á hans bestu stundum sem eru þó reyndar helst til fáar, því þó svo verkið hverfist um Þórð að miklu leyti þá getur hlutverkið tæpast talist aðalhlutverk. Örvænting Þórðar vekur samúð og skilningsleysi hans yfir nútímanum verður mannlegt fyrir vikið líkt og grimmd hans í garð barna sinna þó hún sé hræðileg, slíkt er ekki auðvelt að galdra fram.

En nú er kominn tími til að Elva Ósk Ólafsdóttir fái fleiri hlutverk sem hæfa hennar miklu hæfileikum. Hlutverk Kristínar, sambýliskonu Þórðar, er ekki stórt en veigamikið og þetta skilur Elva Ósk. Hún er þögli tengiliður fjölskyldunnar en hefur sína djöfla að draga sem birtast ljóslifandi í andliti hennar og líkamsstöðu þó að hún segi ekki neitt. Á heimilinu býr einnig Kata, móðir Þórðar, leikin af Guðrúnu S. Gísladóttur sem laumast um líkt og vofa fortíðarinnar umvafin sígarettureyk. Kata liggur ekki á skoðunum sínum og á Guðrún margar af bestu línum kvöldsins enda kann hún að bíða eftir rétta augnablikinu til að skjóta línum að þó að stundum mjólki hún þau aðeins um of.

Yngri systkinin tvö, Ragnheiður og Ágúst leikin af Sólveigu Arnarsdóttur og Oddi Júlíussyni, eru komin heim að ósk pabba síns en sá elsti, Haraldur, leikinn af Baldri Trausta Hreinssyni, sat eftir heima til að stjórna fjölskyldufyrirtækinu. Samleikur þeirra er lipur og trúverðugur. Hér er hópur af fólki sem á lítið sameiginlegt nema blóðið, óvild í garð pabba síns og heimtufrekju.

Makar Haraldar og Ragnheiðar, þau Áslaug og Guðmundur, eru leikin af Birgittu Birgisdóttur og Snorra Engilbertssyni, koma með harmblandinn léttleika inn í söguna. Þetta gera þau bæði vel og treysta ekki einungis á kómíkina. Tökusoninn Berg leikur Baltasar Breki Samper ágætlega, þá sérstaklega í seinni hluta sýningar. Aftur á móti vantar ennþá upp á textavinnu Snæfríðar Ingvarsdóttur sem nær aldrei takti við sýninguna í hlutverki Maríu.

Leikmyndahönnun Finns Arnar Arnarssonar er látlaus líkt og leikstjórnin en afskaplega vel heppnuð. Ættaróðalið stendur á viðarpöllum með bryggjupollum á hverju horni, eins konar vin í ólgusjó. Þórunn María Jónsdóttir sér um búningana af mikilli kostgæfni, eins og hennar er von og vísa, þó að ballkjólar Maríu og Áslaugar hafi verið of mikið af því góða. Andi áttunda áratugarins svífur yfir vötnum en næmt auga hönnunarteymisins gerir það að verkum að sýningin er nærri tímalaus, þó að rafsígarettur stingi í stúf.

Þó að gallar séu á sýningunni þá skilar sterkt og samhent listrænt átak henni í höfn. Hér er ekki verið að taka neinar listrænar áhættur heldur verið að koma íslensku raunsæisverki til skila á skilmerkilegan hátt. Dirfsku þarf til að setja upp íslenska nýklassík nú á dögum, hvað þá að endurvinna upprunalega handritið. Nú bærist í brjósti von um að Þjóðleikhúsið setji enn meiri metnað í íslenska leikritun, því sannast hefur með bæði Húsinu eftir Guðmund Steinsson og nú með Hafinu að okkar bestu leikrit standast tímans tönn og ekki veitir af að skrifa fleiri slík verk fyrir framtíðina. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Íslensk nýklassík framreidd á hefðbundinn en heillandi máta.

MÁNUDAGINN 1. JANÚAR

KLUKKAN 18:50

Nýársdagur á Stöð 2

Páll Óskar mun flytja öll bestu lög ferils síns frá 1991 - 2017 ásamt sex manna hljómsveit í bland við raftónlistina og fullt af dönsurum. **Sviðið var sérsmíðað og ekkert til sparað í búningum og umgjörð sem gerðu þessa tónleika með öllu ógleymanlega.**

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

Sýnd kl. 2, 6, 8, 10

Sýnd kl. 2, 5, 8, 10.30

Sýnd kl. 1.30, 3.45

Sýnd kl. 5, 10.25

Sýnd kl. 8

LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR
NÝ VIÐMIÐ
Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI
AXL
DOLBY ATMOS
LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN GLEÐILEG JÓL

BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS

ÁLFABAKKA

STAR WARS 3D	kl. 1:40 - 4:50 - 8 - 11:10
STAR WARS 2D	kl. 4 - 7:10 - 10:20
STAR WARS 2D VIP	kl. 1:40 - 4:50 - 11:10
THE DISASTER ARTIST	kl. 8 - 10:20
FERDINAND ÍSL TAL	kl. 1 - 3:20 - 5:40
DADDY'S HOME 2	kl. 5:40 - 8 - 10:20
COCO ÍSL TAL	kl. 1 - 3:20 - 5:40
JUSTICE LEAGUE 2D	kl. 8
THOR: RAGNAROK 2D	kl. 10:40

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

EGILSHÖLL

STAR WARS 3D	kl. 2 - 5:30 - 9
STAR WARS 2D	kl. 1 - 4:10 - 7:30 - 10:40
THE GREATEST SHOWMAN	kl. 5:40 - 8
THE DISASTER ARTIST	kl. 10:20
DADDY'S HOME 2	kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
COCO ÍSL TAL	kl. 1 - 3:20

AKUREYRI

STAR WARS 3D	kl. 4:20 - 7:30 - 10:40
THE DISASTER ARTIST	kl. 8 - 10:20
DADDY'S HOME 2	kl. 5:40
COCO ÍSL TAL	kl. 3:20

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

STAR WARS 3D	kl. 1:10 - 4:20 - 7:30 - 10:40
STAR WARS 2D	kl. 6 - 9:10
THE DISASTER ARTIST	kl. 6 - 8:20 - 10:40
COCO ÍSL TAL	kl. 1:20 - 2 - 3:40

KEFLAVÍK

STAR WARS 3D	kl. 4:20 - 7:30
STAR WARS 2D	kl. 10:40
THE DISASTER ARTIST	kl. 10:40
JUMANJI	kl. 8
FERDINAND ÍSL TAL	kl. 5:40
COCO ÍSL TAL	kl. 3:20

Góða skemmtun í bíó

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

29. DESEMBER 2017

Tónlist

Hvað? Plútó á Húrra
Hvenær? 23.00
Hvar? Húrra, Tryggvagötu
Fullskipað lið Plútó mun spila fyrir gesti kvöldsins. Samkvæmt öld-ungaráði Plútó hefur þessi (kven) mönnun ekki gerst áður.

Hvað? 10. árslokatónleikar Hljóm-sveitarinnar 2007
Hvenær? 17.00
Hvar? American Bar, Austurstræti

Hvað? Bónus plötur No. 12 – Puzzy Patrol
Hvenær? 20.00
Hvar? Vínyl, Hverfisgötu
Bónus plata númer 12 er gerð í samstarfi við Puzzy Patrol. Önnur hlið: Dramatík með Fever Dream feat MC Blær. Hin hliðin: Slíta með Cyber. DJ Álfbeat heldur uppi stemningunni fram eftir kvöldi.

Hvað? Sölvi Kolbeinsson Jazz Band
Hvenær? 22.00
Hvar? Dillon, Laugavegi
Kvartettinn mun leika sína uppá-halds standarda.

Hvað? Áramótabúgi Skítamórals 2017
Hvenær? 23.00
Hvar? Spot, Kópavogi
Skítamórall kveður hið frábæra ár 2017 með stórdansleik á Spot föstudaginn 29. desember. Hér gefst einstakt tækifæri til að hrista af sér jólakonfektið og búa til pláss fyrir áramótasteikina! Öll bestu Skímó-lögin og stjórnlaus gleði fram á nótt.

Hvað? Milli jóla og nýárs með Lyrika
Hvenær? 20.00
Hvar? Safnaðarheimili Kópavogs-kirkju

Ari Eldjárn áramótaskopar í kvöld og líklega verður þar eitthvert hlæhlæ í poka.

Fyrri hluti tónleikanna verður helgaður jólunum og munu þekkt-ar perlur verða fluttar í glæsilegum acapella-búningi. Eftir hlé verður sett í áramótagír með fjölbreyttri dagskrá í anda Eurovision, Bítl-anna og Beyoncé svo fátt eitt sé nefnt. Sérstakir gestir verða strákarnir í kvartettinum Barbara og munu hóparnir einnig sameina krafta sína í söng. Fram kemur einnig Gísli Gunnar Didriksen sem

Skítamórall hendir í eitt gott ball í kvöld. Það er auðvitað algjör klassík.



BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Najlepszy ENG SUB.	18:00
The Disaster Artist	18:00, 20:00, 22:00
The Killing of a Sacred Deer	17:45, 22:00
Doctor Who: Twice Upon A Time	20:00
Undir Trénu ENG SUB.	20:00
The Party	22:15

ætlar að taka lagið með hópnum.

Hvað? Bjórflóðið 2017 – með Bjórbandinu
Hvenær? 22.00
Hvar? Rauða húsið, Eyrarbakka
Hið árlega Bjórflóð verður að sjálfsögðu á sínum stað með hefðbundnum hætti. Bjórbandið heldur uppi stuðinu fram á rauðanótt. Miðaverð 2.000 kr.

Viðburðir

Hvað? Gongnótt
Hvenær? 21.00
Hvar? Kjallari Bústaðakirkju
Í gongnóttinni hvílir þú í hinum ríku og hreinu hljómum gongsins sem munu snerta við þér á blíðan og djúpt heilandi hátt. Ómar frá gonginu leiða þig í slakandi ástand þar sem þú endurhleðst, endurnýjast og hreinsar á brott hið óþarfa úr undirvitundinni. Nóttinni stjórnar Charlotte Bom, gongmeistari og gongkennari; hún spilar gongböð í byrjun og enda nætur en þar á milli hljómar undurblítt vöggulag gonganna. Nóttinni lýkur kl. 7 er við rísum og göngum til móts við komandi ár! Verð: 6.900 kr.

Hvað? Desember Sweat
Hvenær? 17.00
Hvar? Býli andans, Selfossi
Gjaldið er 8.000 kr. Mæting er klukkan 17.00. Seremónían tekur u.þ.b. 5 klukkutíma með mat. Innifalið er hlaðborð og súpa. Takið með ykkur sundföt, tvö handklæði og inniskó.

Hvað? Ari Eldjárn: Áramótaskop 2017
Hvenær? 20.00
Hvar? Háskólabíó, Hagatorgi
Ari Eldjárn snýr aftur á stóra sviðið í Háskólabíói til að gera upp árið 2017 í sprenghlægilegri uppistandssýningu sem ber heitið Áramótaskop. Þetta er annað árið sem hann heldur áramótasýningu af þessu tagi en í fyrra seldust heilar fjórar sýningar upp og mættu tæplega 4.000 manns til að kveðja gamla árið með hlátrasköllum.

Hvað? Guðmóðirin
Hvenær? 20.30
Hvar? Kaffi Laugalækur, Laugarnesvegi
Einleikurinn Guðmóðirin um Lóu, 26 ára einhleypa konu sem gerir fátt annað en að koma sér í vandræði og reyna að halda sársaukanum, sem hún hefur burðast með í mörg ár, niðri. Það hefur hún gert með drykkju, helgarhjásvæfum og kaldhæðni. Stormasamt samband hennar við pabba sinn, systur sína, karlmenn og sjálfa sig er meginefni verksins. Miðaverð: 2.000 kr.

Hvað? Áramótabingó
Hvenær? 21.00
Hvar? Hvíti Riddarinn, Mosfellsbæ
Hið árlega áramótabingó Hvíta Riddarans fer fram í kvöld. Frábærir vinningar í boði og glæsilegir bingóstjórar.

Hvað? Striksballið 2017
Hvenær? 23.30
Hvar? Kaffi Duus, Keflavík
Striksballið 2017 verður haldið á Kaffi Duus í kvöld. Ekki þarf að fjölyrða um þessi böll en þau hafa um árabil verið einn vinsælasti og skemmtilegasti viðburðir ársins á Suðurnesjum.

Babies-flokkurinn heldur áramótadansleik

Stuðsveitin Babies ætlar að halda áramótadansleik ásamt góðum gestum í Gamla Bíói á morgun, 30. desember. „Tilvalið tækifæri til að loka árinu í trylltum dansi," segir í tilkynningu frá Babies-flokknum sem er þekktur fyrir að halda uppi stuðinu á einstakan hátt.

Þau Villi og Salka Sól láta sig ekki vanta á áramótaball Babies-flokksins.

Þeim til halds og trausts verða Unnsteinn Manuel, Salka Sól, Villi Naglbítur, Agnes í Sykri og Elísabet Ormslev að ógleymdum leynigesti.

Miðar á ballið fást á tix.is á 2.990 krónur.

– gha

Unnsteinn verður Babies til halds og trausts á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

DAGSKRÁ

Föstudagur

JOY
KL. 19:25

Hér er sögð sönn saga einstakrar konu, Joy Mangano, sem ung að árum hóf að finna upp alls konar nýjungar og byggði síðan frá grunni viðskiptastórveldið Ingenious Designs sem í dag á yfir hundrað einkaleyfi á vinsælum vörum sem Joy hefur fundið upp og hannað.

Frábært
Föstudagskvöld

Fáðu þér áskrift á **365.is**

SULLY
KL. 21:35

Engan af áhöfn og farþegum flugs 1549 frá New York til Seattle 15. janúar 2009 grunaði að sex mínútum eftir flugtak yrði Airbus 320-flugvélinni nauðlent á Hudson-ánni. Stórkostleg sannsöguleg bíómynd þar sem Tom Hanks fer á kostum í aðalhlutverkinu.

WE´LL NEVER HAVE PARIS
KL. 23:15

Quinn og Devon hafa verið kærustupar síðan í skóla og eru sem sköpuð hvort fyrir annað. En þegar Quinn fellur fyrir annarri konu fer allt í vaskinn.



BLACK MASS
KL. 22:00

Alríkislögreglumaðurinn John Connolly telur írska mafíósann James Whitey Bulger á að vinna með lögreglunni til að koma sameiginlegum óvini fyrir kattarnef.

THE X-FACTOR UK
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA KL. 20:00

Einn vinsælasti skemmtiþáttur í heimi og stórgóð tónlistarveisla þar sem Simon Cowell fer fremstur í flokki frábærra dómara.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Kalli kanína og félagar
07.45 Tommi og Jenni
08.05 Pretty Little Liars
08.50 The Middle
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Veep
10.50 Mike & Molly
11.10 The Big Bang Theory
11.30 Anger Management
11.55 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
12.35 Nágrannar
13.00 Warm Springs
15.00 Bridget Jones's Baby
17.00 Asíski draumurinn
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Joy
21.30 **Sully** Mögnuð sannsöguleg mynd frá 2016 með Tom Hanks í aðalhlutverki og í leikstjórn Clints Eastwood. Engan af 155 manna áhöfn og farþegum flugs 1549 frá New York til Seattle 15. janúar 2009 grunaði að sex mínútum eftir flugtak yrði Airbus 320-vélinni sem þau voru í nauðlent á Hudson-á, beint fyrir framan augu mörg þúsund New York-búa. Nauðlendingin er áreiðanlega mörgum í fersku minni enda einungis tæp níu ár liðin frá henni og það þótti kraftaverki líkast hversu vel hún gekk. Allir sem um borð voru komust af án teljandi meiðsla og um leið varð flugstjórinn Chesley B. Sullenberger þjóðhetja.
00.50 **The Infiltrator** Spennumynd frá 2016 með Bryan Cranston, byggð á sönnum atburðum. Robert Mazur lagði líf sitt í stórhættu þegar hann þóttist vera maður að nafni Bob Musella og bauð glæpasamtökum upp á aðstoð við peningaþvætti. Robert var í raun sérfræðingur í fjármálum og útsendari FBI.
23.15 We'll Never Have Paris
02.55 Knock Knock
04.35 Bridget Jones's Baby

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Huddersfield - Stoke
10.30 Watford - Leicester
12.10 Premier League World
12.40 WBA - Everton
14.20 Newcastle - Manch.City
16.00 Messan
17.30 Crystal Palace - Arsenal
19.10 PL Match Pack
19.40 Cardiff City - Preston North End
21.45 NFL Gameday
22.15 Bundesliga Weekly
22.45 1 á 1

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Houston Texans - Pittsburgh Steelers
09.20 Dallas Cowboys - Seattle Seahawks
11.40 NFL Gameday
12.10 Golden State Warriors - Cleveland Cavaliers
14.05 Juventus - Real Madrid
15.50 1 á 1
16.30 1 á 1
17.05 Real Madrid - Barcelona
18.45 Manchester United - Southampton
20.40 Seinni bylgjan
22.10 Búrið
22.45 Búrið
23.20 Ajax - Manchester United

STÖÐ 3

12.15 Blokk 925
12.45 Ísskápastríð
13.20 Fósturbörn
13.45 Kórar Íslands
15.00 PJ Karsjó
15.25 Falleg íslensk heimili
16.05 Pretty Little Liars
16.50 Grand Designs
17.40 The Big Bang Theory
18.05 Fresh Off the Boat
18.35 Modern Family
19.05 Friends
19.30 Seinfeld
20.00 The X Factor 2017
21.10 It's Always Sunny in Philadelphia
21.35 The Knick
22.30 Eastbound & Down
23.05 Entourage
23.35 Unreal

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.05 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur
09.00 Strumparnir
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Stóri og Litli
10.13 Víkingurinn Viggó
10.27 K3
10.38 Mæja býfluga
10.50 Elías
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur
13.00 Strumparnir
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Stóri og Litli
14.13 Víkingurinn Viggó
14.27 K3
14.38 Mæja býfluga
14.50 Elías
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur
17.00 Strumparnir
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Stóri og Litli
18.13 Víkingurinn Viggó
18.27 K3
18.38 Mæja býfluga
18.50 Elías
19.00 Töfralandið OZ

Dóra könnuður kl. 07.05, 11.00 og 15.00

GOLFSTÖÐIN

09.00 The CJ Cup @ Nine Bridges
14.00 PGA Highlights 2017
14.55 ShopRite LPGA Classic
18.40 Omega European Masters
20.55 QBE Shootout

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 Paper Towns
13.20 My Best Friend's Wedding
15.05 All Roads Lead to Rome
16.40 Paper Towns
18.30 My Best Friend's Wedding
20.15 All Roads Lead to Rome
22.00 **Black Mass** Mögnuð mynd frá 2015 með Johnny Depp, Dakota Johnson og Benedict Cumberbatch í aðalhlutverkum. Alríkislögreglumaðurinn John Connolly telur írska mafíósann James Whitey Bulger á það á áttunda áratugnum í Suður-Boston að vinna með lögreglunni til að koma sameiginlegum óvini fyrir kattarnef: ítölsku mafíunni. Myndin segir hina sönnu sögu af þessari samvinnu, sem fór úr böndunum, og varð til þess að Whitey slapp undan lögum og reglu, völd hans jukust og hann varð einn miskunnarlausasti og valdamesti glæpamaðurinn í sögu Bostonborgar.
00.05 **The Meddler** Skemmtileg gamanmynd frá 2105 með Susan Sarandon, Rose Byrne og J.K. Simmons í aðalhlutverkum.
01.45 Southpaw
03.50 Black Mass

RÚV

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Símon
08.06 Lautarferð með köku
08.11 Lundaklettur
08.22 Ofur-Groddi
08.25 Kalli og Lóa
08.36 Tréfú Tom
08.58 Friðþjófur forvitni
09.22 Kúlugúbbarnir
09.45 Úmísúmí
10.08 Alvin og íkornarnir
10.18 Undraveröld Gúnda
10.30 Sjóræninginn víðförli
12.00 Hyacinth hin unga
12.30 Young Sherlock Holmes
14.15 Astrid Lindgren
15.15 Einfalt með Nigellu
15.45 Jóla-Landinn
16.30 Íþróttamaður ársins 2017
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Froskur og vinir hans
18.08 Úmízúmí
18.31 Thea á tjaldferðalagi
18.50 Vísindahorn Ævars
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Miranda - Fyrri hluti
20.20 Árið með Gísla Marteini
21.20 Retro Stefson - allra síðasti sjens
22.20 Taken 2
23.55 Ilmurinn
02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 King of Queens
08.45 How I Met Your Mother
09.05 The Mick
09.30 Man With a Plan
09.50 Speechless
10.15 American Housewife
10.35 Life in Pieces
11.00 The Biggest Loser - Ísland
12.00 Ný sýn - Davíð Þór
12.30 Það er kominn matur!
13.00 The Voice USA
14.30 Field of Dreams
16.20 The American President
18.15 It's Kind of a Funny Story
20.00 Million Dollar Arm
22.05 The Best of Me
01.35 The Express
03.45 Star Wars: Episode V - The Empire Strikes Back
05.50 Síminn + Spotify

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

GAMLÁRSDAG

KLUKKAN 14:00

Kryddsíld **2017**

Árlegur áramótaþáttur sem hefur verið fastur liður á dagskrá Stöðvar 2 á gamlársdag allt frá árinu 1990. Formenn helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og fara yfir liðið ár á léttum nótum. Boðið verður upp á frábær skemmtiatriði ásamt því að maður ársins verður heiðraður.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

Dökkt gallaefni

Gallaefni var mjög áberandi á árinu og snið á gallabuxunum breyttist úr því að vera þröngt og teygjanlegt, yfir í að vera beint, upphátt og efnið frekar stíft. Nú er hins vegar tíminn fyrir dökkt gallaefni eins og við sáum mikið af á tískuvikunum. Þetta verður enn vinsælla á næsta ári.

Sokkastígvél

Þetta trend var meðal þess sem kom á óvart, einhvers konar sokkar með hæl. Demna Gvasalia, hönnuður Vetements og Balenciaga, var með þeim fyrstu að kynna þetta skótau til leiks, og varð það strax gríðarlega vinsælt, sérstaklega það blómamunstraða. Önnur tískuhús og ódýrari fatamerki voru fljót að koma með sínar eigin útgáfur, sem gerði mörgum tískuunnendum kleift að eignast svona skó.

Lakk

Svart lakk, vínyl og leður er komið til að vera, og ef þú átt ekki þannig flík í fataskápnum þá er ráðlegt að tryggja sér hana sem fyrst. Lakkbuxur, kápur og jakkar var mjög vinsælt á árinu sem er að líða og mun halda áfram á næsta ári.

Götustíllinn á árinu 2017

Að fylgjast með götustílnum gefur góða mynd af hvað er vinsælt í heimi tískunnar, sérstaklega hjá fólkinu sem sækir tískuvikurnar. Hér tökum við á Glamour saman götustílinn og trendin sem voru hvað mest áberandi á árinu sem er að líða.

Gucci

Það er auðvelt að segja að Gucci hafi stolið senunni hvað eftir annað á árinu. Strigaskórnir, mokkasíurnar, töskurnar og stuttermabolir frá Gucci voru hvað mest áberandi frá merkinu og það verður forvitnilegt að sjá hvort æðið haldi áfram eða hvort eitthvað annað merki taki við.

Köflóttur jakki

Köflóttur jakki er klassísk flík, og þetta árið átti hann heima í ansi mörgum fataskápum. Hvort sem það var við köflóttar buxur eða pils í stíl, eða bara stuttermabol og gallabuxur, þá er víst að köflótti jakkinn var ein af vinsælustu flíkum ársins.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

SÚPUHUMAR & STÓR HUMAR
VERÐ FRÁ 3.600 kr.kg
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

Vítamín sprengja

25% afsláttur

af öllum vítamínum
29.-31. desember

Now fjölvítamín

Eve og Adam

Guli miðinn

C-500

TerraNova

Magnesium

Better You

Dlux 3000 munnúði

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Ferfættir, loðnir og fiðraðir starfsmenn hjúkrunarheimila

Kærleiksríkar kisur, krúttlegir hvolpar og gaggandi hænur eru hluti af starfsliði hjúkrunar- og dvalarheimilanna á Hellu og Hvolsvelli. Heimilismenn ná góðum tengslum við dýrin og þau veita gleði.



Kisan Njála í fanginu á Guðrúnu Sveinsdóttur sem varð 100 ára 9. október síðastliðinn. Þær eru miklar vinkonur.

Litla læðan Njála er enginn venjulegur heimilisköttur, hún er í fullu starfi sem kærleiksköttur á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli. „Njála lífgar upp á tilveruna hér og er heimilismönnum til yndis og ánægju," segir Sólveig Unnur Eysteinsdóttir, starfandi forstöðumaður. En hvað kemur til að köttur er hluti af starfsliði heimilisins? „Hér störfum við bæði í anda dönsku hugmyndafræðinnar Lev og bo og Eden en kjarninn í þeim er annars vegar að skapa heimilislegt, hlýlegt samfélag og einkunnarorð Eden eru að sporna gegn leiða, einmanaleika og vanmáttarkennd. Fjölmörg heimili á landinu fylgja þessari hugmyndafræði að einhverju leyti."

Kisan Njála er enn kettlingur og nýtur mikilla vinsælda hjá heimilismönnum sem keppast við klappa henni og dekra hana. „Fjölmargir heimilismanna okkar eru með heilabilun og ná vel að tengjast kisu sem nýtur athyglinnar líkt og katta er siður." Aðspurð hvort einhverjir kvarti undan kattaofnæmi segir Sólveig engar slíkar kvartanir hafa borist og að aðstandendur heimilismanna séu almennt ánægðir með kisu og hennar framlag til umönnunar heimilismanna.

Í nágrannabænum Hellu er hjúkrunarheimilið Lundur og þar ræður högninn Hans ríkjum. Kötturinn Hans hefur verið heimilisköttur á Lundi í rúm fimm ár og deilir þar búsetu með fleiri dýrum. Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri segir að kötturinn þekki vel sitt heimafólk og viti hverja hann á að heimsækja en hins vegar fari hann hvorki inn í matsal né í eldhúsið. En kisa er ekki eina dýrið á Lundi. „Hér eru hænur og gullfiskar og nýlega fengum við tvær finkur eftir að páfagaukurinn okkar hvarf á braut," segir Margrét og bætir við: „Á vorin eru hér heimalningar sem heimilismenn aðstoða okkur með og hænurnar fá sinn skerf af athygli og gefa okkur að sjálfsögðu egg. Við erum reyndar að leita að fóstri fyrir hænurnar á veturna. Við fáum líka lítinn hvolp í heimsókn til okkar reglulega. Hann heimsækir heimilismenn á heilabilunardeildinni. Dýrin ná góðu sambandi við fólkið og framkalla bros á vör."

astahrafnhildur@frettabladid.is

Hefðarhögninn Hans ræður ríkjum á hjúkrunarheimilinu Lundi.

Njála er enn kettlingur en á risastóran stað í hjarta heimilismanna á Kirkjuhvoli.

Heimalningarnir á Lundi kæta heimilismenn á vorin.

Hamingjusamar hænur gleðja heimilismenn.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Alvogen

ALVOFEN EXPRESS | VIÐ VERKJUM, BÓLGU OG HITA

- INNIHELDUR ÍBÚPRÓFEN
- MJÚK HYLKI TIL INNTÖKU
- VERKAR HRAÐAR EN ÖNNUR ÍBÚPRÓFEN

Alvofen Express 400 mg mjúk hylki. Ábendingar: Alvofen Express er ætlað til notkunar hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lyfið er ætlað til meðferðar gegn einkennum gigtar- eða vöðvaverkja, bakverks, taugaverkja, mígrenis, höfuðverks, tannverks, tíðaverkja, hita og einkennum kvefs og flensu. Dagsetning endurskoðunar textans: 6. nóvember 2015. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.**

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is

KONTOR REYKJAVÍK / ALV-17023

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Þórarins Þórarinssonar

Áramótaandvarp

Lífið er óslitin óreiða frá fæðingu til dauða. Stjórnlaus hraðlest hörmunga, áfalla og vonbrigða. Ferðin er þó góðu heilli vörðuð gleðistundum og fallegum augnablikum. Leiðarljóssglætum í myrkrinu.

Flokkunarþörf mannkyns kallaði yfir okkur annars fullkomlega óþörf tímamótin. Með þeim reynum við að hólfa tilveruna niður í sekúndur, mínútur, daga, mánuði og ár.

Fyrst og fremst til þess að afmarka þjáningar okkar og annarra. Og auðvitað að auðvelda lánardrottnum að halda utan um vorar skuldir. Ég meina, hvers virði væri verðtryggingin ef engin væru mánaðamótin?

Fátt er meira niðurdrepandi en að standa eins og glópur á áramótum, ímynduðum kaflaskilum, og rifja upp liðnar hörmungar síðustu 365 daga. Í meginatriðum er þetta alltaf eins. Ár eftir ár.

Á árinu sem er að líða var saklausu fólki slátrað í tilgangslausum stríðum, hryðjuverkamenn völtuðu yfir börn, mæður og feður á gleðistundum, limlestu og drápu. Hér heima rákum við börn í leit að betra lífi út í óttann og óvissuna og rifumst um alls konar fáránlega dellu eins og himinn og jörð væru í húfi.

Á næsta ári verður þetta allt endurtekið, ýmist nákvæmlega eða með tilbrigðum. Í byrjun síðasta árs settist sturlaður ruddi að í Hvíta húsinu. Við erum samt hérna enn. Hann verður heimsbyggðinni áfram til ama og óþæginda allt næsta ár og gott betur. En við munum halda áfram. Að hatast, æðrast og gráta en elskumst líka, hlæjum og gleðjumst. Stundum.

Lífið er nefnilega þrátt fyrir allt stórkostlegt kraftaverk og er fyrir einhvern óskiljanlegan galdur þess virði að lifa því. Alveg óháð því hvort við reynum að hólfa það niður í daga, vikur, mánuði og ár.

Vituð ér enn eða hvat?

Reykjavík Bíldshöfði 20 | Akureyri Dalsbraut 1 | Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is Sími: 558 1100

Opið 29. des. 10⁰⁰–18⁰⁰ og 30. des. 11⁰⁰–18⁰⁰
Lokað á gamlársdag og nýársdag
Opnum aftur á nýju ári 2. janúar kl. 10⁰⁰

HÚSGAGNA HÖLLIN

OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

BESTU SÖFNIN Í REYKJAVÍK

skv. www.tripadvisor.com 28.12.17

1. TALES FROM ICELAND
2. NAT. MUSEUM OF ICELAND
3. SETTLEMENT EXHIBITION
4. ÁRBÆR OPEN AIR MUSEUM
5. PERLAN

HÓPAR VELKOMNIR

í séropnun, móttökur, fordrykki, o.fl.

Tales from Iceland

Austurbæ við Snorrabraut

518 4000

tales.is